

Aðskilnaður ríkis og kirkju

Upphaf almennrar umræðu 1878–1915

Síðari grein

Árið 1874 urðu þau róttæku umskipti í íslenskum trúmálarétti að þjóðkirkjuskipan og trúfrelsi var innleitt í landinu með stjórnarskrá um sérmál Íslendinga í stað ríkisátrúnaðar fyrri alda.¹ Þar með lauk hinu kirkjudeildarlega bundna tímabili í sögu landsins. Í fyrri greininni í þessum flokki sem birtist í síðasta hefti þessarar ritraðar var sýnt fram á að aðeins fjórum árum síðar hófust umræður um hvort þessi tvö trúarréttarlegu fyrirbæri, þjóðkirkjuskipan og trúfrelsi, væru samræmanleg eða hvort þjóðin yrði að velja milli þeirra. Á árunum í kringum 1880 komu fram tvær stefnur í þessu efni sem hér eru nefndar aðskilnaðarleið og löggjafarleið.

Drifkrafturinn að baki aðskilnaðarleiðinni var mannréttindasjónarmið, þ.e. það markmið að koma á trúfrelsi í landinu sem risi undir nafni en væri ekki aðeins á pappírnum. Fylgismenn þessarar leiðar litu svo á að trúmál væru einkamál hvers og eins sem ríkið ætti helst ekki að hafa nein afskipti af. Þá litu þeir svo á að ríkjandi löggjöf — einkum hvað varðaði skyldu þeirra sem stóðu utan trúfélaga að gjalda sóknargjald til prests og kirkju í heimasveit sinni — væri þess valdandi að margir hængju áhugalausir í kirkjunni og væri það henni síst til framdráttar. Auk þess stríddi þetta, að þeirra mati, gegn mannréttindum og trúfrelsisákvæðum stjórnarkrárinnar þótt þar væri vissulega ekki enn að finna ákvæði um „neikvætt“ trúfrelsi.² Loks töldu þeir að eftir að trúfrelsi hefði verið innleitt gæti Alþingi ekki lengur farið með löggjafarvald í kirkjulegum málefnum vegna þess að þar gætu setið algerlega ókirkjulega sinnaðir menn. Gæti kirkjan vart við það unað að þeir settu henni lög (sjá fyrri grein).

Löggjafarleiðin byggðist aftur á móti einkum á trúar- og kirkjulegum sjónarmiðum. Fylgjendur hennar litu svo á að kirkja og ríki ættu því sameiginlega hlutverki að gegna að tryggja bæði tímanlega og eilífa velferð fólks. Þetta töldu þeir aðeins mögulegt með samvinnu kirkju og ríkis. Fylgjendur löggjafarleiðarinnar vildu því þróa hér sjálfstæða þjóðkirkju í áframhaldandi tengslum við ríkisvaldið á grundvelli sérlaga um ýmis kirkjuleg málefni. Fylgjendur þessarar stefnu virðast lengi hafa talið

¹ Stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands nr. 1/1874, [stjornarradid.is](https://www.stjornarradid.is), sótt 20. nóvember 2018 af https://www.stjornarradid.is/media/forsaeitiraduneyti-media/media/stjornarskra/1874_stjornarskra.pdf.

² Með „neikvæðu“ trúfrelsi er hér átt við frelsi fólks til að hafna allri trú, standa utan allra trúfélaga og vera algjörlega frjálst undan öllum skyldum við þau. Ákvæði þessa efnis komu inn í stjórnarskrá okkar 1915 eins og frekar verður rakið í lok þessarar greinar. Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja og trúfrelsi: Saga og þróun trúmálalábs stjórnarskrárinnar 1874–1995“, *Glíman* 8/2011, bls. 167–193, hér 170–176.

ásættanlegt að þeir sem ekki fylgdu Þjóðkirkjunni né neinu öðru trúfélagi að málum væru eigi að síður skyldir til að greiða henni sömu gjöld og Þjóðkirkjufólk og hefðu því ekki fjárhagslegan ábata af því að standa utan kirkjunnar og annarra trúfélaga. Lögjafarleiðin réð ferðinni í löggjöf sem leit dagsins ljós á árunum upp úr 1880 og lagði grunn að fyrirkomulagi í kirkjumálum sem höfundur þessarar greinar hefur nefnt „gömlu íslensku Þjóðkirkjuskipanina“ og hér var við lýði til loka 20. aldar. Þá festist stefnan enn í sessi með störfum millipinganevndar í kirkjumálum sem starfaði 1904–1906 og réð mestu um endurskoðun Þjóðkirkjuskipanarinnar sem gerð var á þingi 1907. Lögjafarleiðin ræður enn ferðinni í núgildandi Þjóðkirkjulögum en þau lögðu grunn að því sem kalla má „nýju íslensku Þjóðkirkjuskipanina“ (sjá fyrri grein).³

Í þessum greinum er aðskilnaður ríkis og kirkju lykilfyrirbæri. Hér er litið svo á að *aðskilnaður* felist í að heimild 2. mgr. 62. gr. núgildandi stjórnarskrár um að breyta megi „kirkjuskipan ríkisins“ með lögum sé nýtt í þeim tilgangi að afnema réttarfarslega sérstöðu Þjóðkirkjunnar samanborið við önnur trú- og lífsskoðunarfélög.⁴ Þetta er mögulegt að gera með því að breyta ákvæðinu þannig að kveðið væri á um jafnan stuðning og vernd öllum trú- og lífsskoðunarfélögum landsmanna til handa eða fella með öllu brott þá skyldu ríkisvaldsins sem í ákvæðinu felst.⁵ Sú mikla breyting sem þrátt fyrir allt hefur orðið á skipan kirkjumála hér á landi frá 1874 á grundvelli lögjafarleiðarinnar er hér talin felast í stofnunarlegri *aðgreiningu* kirkjunnar frá ríkinu er leitt hefur til stigvaxandi sjálfstæðis hennar.

Í þessari grein, eins og hinni fyrri, verður fjallað um umræðu um aðskilnað ríkis og kirkju eins og hún spannst einkum í landsmálablöðum hér á landi á tímabilinu 1878 til 1915. Til að gæta samfellunnar í umræðunni og gefa fyllri mynd verður þó einnig tekið tillit til skrifa í kirkju- og/eða trúarlegum málgögnum að svo miklu leyti sem þau fléttuðust inn í almennu umræðuna. Þá verður vikið að umræðu um aðskilnaðarmálið í íslenskum blöðum í Vesturheimi eftir því sem nauðsyn krefur. Grafist verður fyrir um hvaða stefnumál birtust í umræðunni, hvaða rökum var beitt fyrir aðskilnaði eða á móti honum, sem og hvaða einstök málefni menn töldu að hafa þyrfti í huga við framkvæmd aðskilnaðar. Líta ber á þá greiningu sem hér verður gerð sem kirkju- og hugmyndasögulega. Upphaf tímabilsins sem hér er til umfjöllunar markast af því að fyrsta greinin þar sem haldið var fram aðskilnaði birtist árið 1878. Lok þess miðast aftur á móti við að 1915 voru staðfestar stjórnarskrárbreytingar þar sem tekið var verulegt tillit til gagnrýni á ríkjandi skipan sem fram hafði komið í aðskilnaðarumræðunni. Kaflaskil urðu því í henni að breytingunum orðnum.

Í fyrri greininni var grafist fyrir um upphaf umræðunnar og rakið hvernig fyrrgreindar meginlínur komu fram. Í þessari grein verður aftur á móti vikið að umræðum um afmarkaða þætti aðskilnaðarins, einkum hinni fjárhagslegu hlið og hvernig

³ Lög um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, *althingi.is*, sótt 20. nóvember 2018 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1997078.html>. Sjá og lögskýringargögn.

⁴ Með kirkjuskipan ríkisins er hér átt við Þjóðkirkjuákvæðið í 1. mgr. 62. gr., sbr. 2. mgr. 79. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, *althingi.is*, sótt 15. september 2017 af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1944033.html>.

⁵ Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (62. gr., sjá og 79. gr.), *althingi.is*, sótt 15. september 2017 af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1944033.html>.

málefnum barnafræðslunnar skyldi fyrir komið. Hér verður einnig gerð sérstök grein fyrir trúarlegum sjónarmiðum sem fram komu í umræðunni. Loks verður gerð grein fyrir þeim þáttaskilum sem urðu með stjórnarskrárbreytingum 1915. Eins og vikið var að í inngangi fyrri greinarinnar hefur sú skoðun verið sett fram að líta beri á hugmyndir um aðskilnað ríkis og kirkju um aldamótin 1900 sem hluta af baráttu Íslendinga fyrir auknu valdi og sjálfstæði í eigin málum. Þannig hefur aðskilnaðarumræðan verið tengd við þjóðernispólítísk sjónarmið sjálfstæðisbaráttunnar.⁶ Í lok þessarar greinar verður afstaða tekin til þessarar túlkunar.

Afmarkaðir þættir aðskilnaðarumræðunnar

Í umræðunum um aðskilnað ríkis og kirkju á tímabilinu 1878–1915 var ekki aðeins tekist á um meginlínur, þ.e. aðskilnaðar- og löggjafarleiðirnar, heldur einnig afmarkaðri atriði. Þar bar hæst hvernig farið skyldi með fornar kirknajarðir, sem og hvernig almenningsfræðslu skyldi fyrir komið en hún var á fyrri hluta tímabilsins mjög á forræði kirkjunnar.⁷

Fjárbagstengsl og aðskilnaður

Þjóðviljinn ungi undir ritstjórn Skúla Thoroddsen (1859–1916) var aðskilnaði mjög fylgjandi. Kom þessi stefna meðal annars fram um þingtímamann 1893 er Skúli skýrði frá að Alþingi mundi innan skamms fjalla um frumvörp sem gengju lengra en gildandi lög sem útfærðu trúmálarétt stjórnarskrárinnar. Þarna átti hann við frumvörp um prestkosningar, borgaralegt hjónaband og gjaldfrelsi utanþjóðkirkjufólks gagnvart þjóðkirkjunni.⁸ Ekki síst síðastnefnda atriðið hafði vegið þungt í aðskilnaðarumræðunni. Áframhaldandi þróun í frjálsræðisátt á þessum sviðum var að mati Skúla nauðsynlegur undanfari aðskilnaðar ríkis og kirkju sem hann taldi breiða sátt ríkja um í samfélaginu.

Hið athyglisverða í skrifum Skúla á þessum tíma er að hann hóf umræðu um afmarkaða þætti aðskilnaðar- eða frikkirkjumálsins, svo sem hvað verða ætti um kirknaeignir við aðskilnað. Sjálfur áleit hann einboðið að landssjóður ætti þá að fá allar jarðeignir sem kirkjan hefði „til afnota“ án þess að til kæmu nokkur fjárframlög í staðinn. Hverjum og einum ætti svo að vera frjálst, hvort hann vildi kosta einhverju til prestsþjónustu eða ekki.⁹

⁶ Sjá fyrri grein nmgr. 31.

⁷ Nú á dögum er almennt rætt um jarðeignir sem áður voru í kirkjulegri eigu sem kirkjujarðir. Við núverandi aðstæður yfir sú orðnotkun undir þann skilning að þær hafi verið í eigu kirkjunnar sem stofnunar. Upphaflega tilheyrðu eignirnar þó einstökum kirkjum. Því er hér talað um kirknajarðir til frekari áréttingar.

⁸ „Hvað á þingið að gjöra? II“, *Þjóðviljinn ungi* 2:19/1893, bls. 73. S.Th. flutti einn frumvarpið um gjaldfrelsi utanþjóðkirkjufólks en samkvæmt því skyldu þeir er stóðu utan allra trúfélaga greiða ígildi þeirra gjalda er greiða skyldi til prests og kirkju til barnakennslu í heimahreppi sínum. *Alþingistíðindi* C, 1893, bls. 370. S.Th. flutti frumvarpið um borgaralegt hjónaband ásamt Jóni Jónssyni (1855–1912) í Múla, þáverandi þingmanni Eyfirðinga. *Alþingistíðindi* C, 1893, bls. 168. Frumvarpið um prestskosningarnar fluttu Einar Jónsson (1853–1931), prestur í Kirkjubæ í Hróarstungu og þingmaður N.-Múlasýslu, Jón Jónsson (1852–1923) á Sleðbrjót, þingmaður N.-Múlasýslu, ásamt Jóni í Múla. *Alþingistíðindi* C, 1893, bls. 157–158.

⁹ „Hvað á þingið að gjöra? II“, bls. 73. Sjá *Alþingistíðindi* C, 1893, bls. 157, 168, 370.

Skúli Thoroddsen var því þeirrar skoðunar að kirkjur landsins, eða þjóðkirkjan fyrir þeirra hönd, gætu ekki haldið fornum jarðeignum sínum eftir aðskilnað heldur bæri að líta á jarðirnar sem eign hins opinbera. Það ætti svo að sínu leyti ekki að taka þátt í rekstri kirkjunnar eftir aðskilnað heldur ættu félagar í fríkirkjusöfnunum sem þá tækju við að standa straum af öllum kostnaði þeirra. Með öðrum orðum leit hann svo á að eftir aðskilnað ættu engin fjárhagstengsl að vera milli kirkju og ríkis né heldur ætti að leggja á borgarana almenn gjöld til kirkjunnar. Svo róttæka breytingu taldi hann þó ekki tímabæra eins og sakir stæðu þar sem fjöldi manna væri „[...] enn á svo lágu stigi [...]“ að þeir vildu lítið og jafnvel ekkert leggja í sölurnar fyrir sannfæringu sína.¹⁰

Skúli áleit að það orkaði tvímælis að kirkjan héldi eignahöfuðstól sínum óskertum eftir aðskilnað, einkum vegna þess að þar með kæmi fram mjög auðugt óháð trúfélag sem tekið gæti að ráða „lífsstefnu þjóðarinnar“ og gæti jafnvel orðið „óþolandi andlegt farg“ á henni.¹¹ Einnig gæti slík ráðstöfun með tímanum leitt til óviðunandi mismununar þegar meirihluti þjóðarinnar hefði hugsanlega snúið baki við lúthersku kirkjunni og yrði að kosta trúarlegt starf sitt sjálfur meðan minnihlutinn hefði úr of fjár að spila í sama tilgangi.¹² Hann áleit aftur á móti réttmætt að samið yrði um að lúthersk fríkirkja fengi kirknajarðirnar til afnota um tiltekin tíma, t.d. í tvo til þrjú áratugi, meðan hún kæmist á laggirnar enda væri við því að búast að meirihluti þjóðarinnar héldi áfram að tilheyra henni fyrst um sinn. Meginstefnu sinni lýsti Skúli aftur á móti svo:

[...] takmarkið með aðskilnaðinum á að vera það, að ríkið láti trúna og trúarlífið allsendis afskiptalaust, og láti hverjum einstaklinginum í sjálfs vald sett, hverju hann vill kosta til í því skyni.¹³

Máli sínu til stuðnings benti Skúli á að lagt væri til að einmitt þessi háttur væri hafður á í frumvarpi um afnám ríkiskirkju í Wales sem til umfjöllunar var um þetta leyti. En ýmsir kirkjumenn þar, rétt eins og hér, litu á slík aðskilnaðarkjör kirkjunnar til handa sem fjarstæðu enda hafði sá skilningur flogið fyrir, einkum meðal presta, að fríkirkja ætti eftir aðskilnað að halda öllum eignum sem þjóðkirkjan hefði til afnota sem „[...] óskertri og óskerðanlegri eign [...]“.“¹⁴ Taldi Skúli að sú krafa væri til komin af því að kirkjunnar menn óttuðust að söfnuðir væru ekki reiðubúnir til að leggja nægilegt fé af mörkum og að kristnihaldi í landinu mundi því hraka við aðskilnað. Stefna Skúla Thoroddsen í aðskilnaðarmálum var því nokkurn veginn hin sama og Jóns Ólafssonar ritstjóra hálfum öðrum áratug fyrir, sem sé að líta ætti á trúmál sem einkamál hvers og eins sem hið opinbera ætti ekki að hlutast til um og síst með svo víðtækum hætti sem í þjóðkirkjufyrirkomulagi fælist. Í skrifum sínum gekk hann þó feti framur en Jón er hann dró efnahagslegar ályktanir af þessu sameiginlega meginsjónarmiði þeirra.

Ummæli Jóhannesar L.L. Jóhannssonar (1859–1929) á Kvennabrekku (þ.e. í Suðurdalabingum) á prestastefnu sumarið 1897 varpa ugglaut ljósi á afstöðu

¹⁰ „Hvað á þingið að gjöra? II“, bls. 73. Svipuð sjónarmið koma fram hjá Sigurjóni Friðjónssyni (1867–1950) frá Sandi í Aðaldal um líkt leyti eða 1896. Sigurjón Friðjónsson, „Kirkja og kirkjufé“, *Fjallkonan* 13:28/1896, bls. 113.

¹¹ „Fríkirkjumálið“, *Þjóðviljinn ungi* 3:30/1894, bls. 117–118.

¹² Sama rit, s.st. Sjá „Tveir vegir [Niðurl.]“, *Fríkirkjan* 1:6/1899, bls. 83–85, hér 84–85.

¹³ „Fríkirkjumálið“, bls. 118.

¹⁴ Sama rit, bls. 117.

margra presta varðandi fjárhagslega hlið aðskilnaðarmálsins. Hann var meðal þeirra sem töldu að aðskilnaður hlyti að verða knúinn fram innan skamms, annað tveggja af „vinum kirkjunnar eða óvinum“.¹⁵ Taldi hann skipta miklu máli að hinir fyrrnefndu tækju frumkvæði í umræðunni. Hann var þeirrar skoðunar að ekki kæmi til álita að svipta kirkjuna eignum sínum við aðskilnað en ræddi að öðru leyti ekki framkvæmd hans.¹⁶ Upp úr aldamótunum (1904) tjáði hann sig að nýju um fríkirkjumálið og þá í tengslum við launamál presta sem þá voru mjög í deiglu vegna skipunar kirkjumálanefndarinnar sem lagði grunn að kerfisbreytingu í þessu efni 1907 (sjá fyrri grein). Var hann þá enn sama sinnis um að kirkjan ætti að halda kirknaeignunum eftir aðskilnað.¹⁷

Um þetta leyti voru margir sammála um að menningarástand þjóðarinnar væri slíkt að henni væri ekki treystandi til að taka við sjálfræði í málaflokki á borð við kirkjumálin eftir að þjóðkirkjufyrirkomulag yrði lagt fyrir róða. Meðal þeirra sem þannig litu á var Jón Helgason (1866–1942) prestaskólakennari og síðar biskup. Í tímariti sínu, *Verði ljós*, skopaðist hann t.a.m. að því að á prestastefnu 1897 hafi þrjú alls óskyld mál verið spyrð saman og rædd án nokkurs undirbúnings: hugmyndir um dagpeninga til handa safnaðarfulltrúum sem sóttu héraðsfundi, innheimta á tekjum presta og aðskilnaður ríkis og kirkju.¹⁸ Í því sambandi sagði hann:

Fyrst er því lýst yfir, að hinn kirkjulegi áhugi sje svo lítill í landinu, að fulltrúar safnaðanna fáist ekki til að sækja hjeradsfundina án sjerstakrar þóknunar, dagpeninga, [...]. Síðan kemur hver yfirlýsingin á fætur annari um það, hve erfitt prestunum veiti að innheimta tekjur sínar, [...], nema með því að misþjóða sjálfum sjer og særa og fæla burt frá sjer sóknarbörnin með teknarukkun. Og svo kemur þriðja málið, um aðskilnað ríkis og kirkju, og allur þorri þeirra, er um það mál tala, virðast álita, að aðskilnaðurinn sje bráðnauðsynlegur. Í landi, þar sem áhuginn á kirkju- og safnaðarmálum er ekki meiri en það, að fulltrúar safnaðanna fást ekki til að koma á hjeradsfundi nema fyrir sjerstaka borgun, — í landi, þar sem safnaðarlimirnir eru sagðir ekki hlyntari prestum sínum, en það, að þeir fá ekki nema með rukkun og eptirgangsmunum það, sem þeim ber að lögum, — í einu slíku landi á aðskilnaður ríkis og kirkju að vera bráðnauðsynlegur og það spursmál að vera orðið sjerstaklega brennandi!¹⁹

Hér lagðist Jón á sveif með þeim sem töldu aðskilnað ótímabæran vegna lítills kirkjulegs áhuga landsmanna.²⁰ Taldi hann raunar að lifandi, persónulegur kristindómur væri vart til staðar í landinu. Sjálfur áleit hann aftur á móti að slík trú væri forsenda þess að hér mundi þrífast fríkirkja eftir aðskilnað.²¹ Ritaði hann meðal annars:

¹⁵ „Prestastefnan í sumar“, *Verði ljós* 2:8/1897, bls. 116–123, hér 118.

¹⁶ Sama rit, s.st., sjá og bls. 121.

¹⁷ Jóhannes L.L. Jóhannsson, „Launamál presta“, *Ísafold* 6. júlí 1904, bls. 178–179, hér 178.

¹⁸ „Prestastefnan í sumar“, bls. 116. Sjá og „Synodus“, *Ísafold* 10. júlí 1897, bls. 190–191. „Synodus“, *Ísafold* 17. júlí 1897, bls. 198. Aðskilnaðarmálið kom aftur til umræðu á prestastefnu 1899. Þórhallur Bjarnarson (1855–1916), þá forstöðumaður Prestaskólans, var málshjefandi í það sinn og ræddi einkum um „[...] hvaða áhrif aðskilnaður ríkis og kirkju mundi hafa á þjóðfélagið sem kristilegt þjóðfélag.“ Umræður urðu ekki eins fjórugar og tveimur árum áður. „Synodus 1899“, *Verði ljós* 4:7/1899, bls. 111–112, hér 112.

¹⁹ „Prestastefnan í sumar“, bls. 117–118. Um innheimtumál presta sjá og Jóhannes L.L. Jóhannsson, „Launamál presta“, bls. 178.

²⁰ „Prestastefnan í sumar“, bls. 119.

²¹ Sama rit, s.st.

Vjer Íslendingar þurfum umfram allt nýjan anda inn í kirkjunna, anda Jesú Krists, því með honum skapast lifandi persónulegur kristindómur, hvert svo sem fyrirkomulag kirkjunnar er hið ytra.²²

Meðal þess sem Jón taldi benda til veikrar stöðu kristni í landinu var að þátttaka í altarisgöngum fór þverrandi við lok 19. aldar.²³ Taldi hann ekki fullreynt hvort snúa mætti þeirri þróun við og efla þar með kristnihaldið í landinu án aðskilnaðar. Af þeim ástæðum taldi hann ótímabært að ráðast í svo róttæka breytingu eins og sakir stæðu.²⁴ Jón Helgason var langt í frá einn um að líta stöðu kirkjumála svo alvarlegum augum um aldamótin. Fremur má halda því fram að um almennt álit hafi verið að ræða.²⁵

Á fyrsta áratug 20. aldar komust fjárhagstengsl ríkis og kirkju eftir aðskilnað að nýju til umræðu. Árið 1907 brást Jón Ólafsson, þá ritstjóri *Reykjavíkur*, við fyrirspurn „Heimastjórnarmanns“ nokkurs um hvers vegna eignir þjóðkirkjunnar ættu að renna í landssjóð við aðskilnað ríkis og kirkju.²⁶ Jón var áður ritstjóri *Skuldar á Eskifirði* en þar höfðu fyrst birst greinar um aðskilnaðarmálið. Í svari Jóns kom fram að hann áleit að lútherska kirkjan ætti tvímælalaust ekki heimtingu á eignunum en nefndi einkum tvo möguleika til að ráðstafa þeim. Annar væri sá að eignirnar féllu til ríkisins þar sem ekki væri mögulegt að nota þær í upphaflegum tilgangi gefendanna, sem hefði verið að kosta kaþólskt kristnihald. Hinn kostinn kenndi Jón við Austurríki og fólst hann í að vöxtum af höfuðstóli kirknaeignanna væri skipt árlega milli allra kirkjufélaga sem störfuðu í landinu með tilliti til félagafjölda á undangengnu ári. Taldi Jón að í þessari aðferð fælist nokkurt réttlæti.²⁷

Um þetta atriði gætti þó fleiri sjónarmiða á tímabilinu sem fjallað er um hér. Í minnihlutaáliti sínu í kirkjumálanefndinni 1904–1906 áleit Lárus H. Bjarnason (1866–1934), eini virki leikmaðurinn í nefndinni, til dæmis að koma bæri á fullkomnu jafnræði milli allra trúfélaga nema ef stofnuð væri almenn fríkirkja á evangelísk-lútherskum grunni, þá væri sanngjarnt að hún fengi sem veganesti andvirði þeirra fasteigna er fram til þessa hefðu verið eignaðar lúthersku kirkjunni í landinu.²⁸ Hann var með öðrum orðum því fylgjandi að lútherska kirkjan héldi fornum kirknaeignum svo fremi sem „lagaleiðin“ eða -aðferðin væri viðhöfð við aðskilnað og þannig viðurkennt að evangelísk-lúthersk fríkirkja sem næði til landsins alls væri réttur arftaki þjóðkirkjunnar.²⁹

²² Sama rit, bls. 120, sjá og 122.

²³ Sama rit, bls. 120. Hjalti Hugason, „... úti á þekju þjóðlífsins. Samband þjóðkirkju og þjóðar við upphaf 20. aldar“, *Glíman sérrit* 2/2010, bls. 97–125, hér 102–104.

²⁴ „Prestastefnan í sumar“, bls. 120.

²⁵ Hjalti Hugason, „... úti á þekju þjóðlífsins“, bls. 97–125.

²⁶ „Kyrknafé“, *Reykjavík* 8:52/1907, bls. 165.

²⁷ „Kyrknafé. Frh.“, *Reykjavík* 8:53/1907, bls. 168.

²⁸ *Tillögur um kirkjumál Íslands frá nefnd þeirri, er skýpuð hefir verið samkvæmt konungsúrskurði 2. marz 1904, til þess að tþuga og koma fram með tillögur um kirkjumál landsins*, Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1906, bls. 57. „Kirkjumálanefndin I“, *Fjallkonan* 23:23/1906, bls. 89. Sjá og „Fríkirkja“, *Reykjavík* 9:3/1908, bls. 10.

²⁹ Aðferðir til að skilja að ríki og kirkju eru í stórum dráttum þrjár. Fyrst er nefnd sú sem hér er vikið að, þ.e. að skilja þjóðkirkjuna frá ríkinu með stjórnarskrár- og lagabreytingum og stofna í stað hennar fríkirkju sem næði til landsins alls. Síðan skal nefna safnaðaaðferðina sem felst í að söfnuðir kljúfi sig í heilu lagi frá kirkjunni og verði eftir það óháðir frí(kirkju)söfnuðir. Tillögur komu fram um að sú leið yrði farin hér en náði ekki fram að ganga. Loks er klofningsaðferðin sem felst í að einstaklingar segir sig úr kirkjunni og stofni í kjölfarið eigin söfnuði. Lútherskir fríkirkjusöfnuðir hér á landi eru þannig til komnir (sjá fyrri grein).

Skúli Thoroddsen bryddaði upp á fleiri álitamálum varðandi aðskilnað en þeim sem lutu að rekstri og fjármögnun kirkjunnar.³⁰ Í grein frá 1894 benti hann á að eftir slíka breytingu gæti ríkið ekki lengur krafist þess að prestar hefðu með höndum ýmis opinber störf, svo sem á vettvangi alþýðufræðslunnar. Þá væri ekki hægt að gera þeim að almennri skyldu að gefa saman hjón þótt kirkjuleg hjónavígsla gæti vissulega haldið réttaráhrifum sínum eftir aðskilnað. Ennfremur lét hann í ljós þá skoðun að þær eignir sem við óbreyttar aðstæður stæðu undir prestsþjónustunni, þ.e. kirknajarðirnar, ættu í framtíðinni að mynda rekstrargrunn fyrir alþýðufræðsluna, uppeldisstofnanir fyrir fátæk börn og ýmis önnur skyld samfélagsleg úrlausnarefni.³¹ Skúli leit því svo á að eignir sem fyrr á tíð hefðu verið lagðar til kirkna hefðu í raun verið ætlaðar til almenningsþarfa og þær ætti því að þjónnýta í fyrrgreindum tilgangi.

Með þessum skrifum virðist Skúli Thoroddsen fyrstur manna hafa vakið máls á verkaskiptingu ríkis og kirkju eftir aðskilnað og þá ekki síst á sviði fræðslumálanna sem voru fyrirferðarmest í þessu tilliti. Upp úr aldamótunum (1905) tók Matthías Jochumsson (1835–1920) þann þráð upp að nýju er hann vakti máls á hvernig ætti að haga fræðslu í kristnum fræðum og skyldum greinum eftir aðskilnað sem hann áleit að hlyti að verða innan skamms. Eftir slíka breytingu taldi hann ekki stætt á að kenna trúfræði á hefðbundinn kirkjulegan máta í almennum skólum. Taldi hann tvær leiðir færar og vísaði í því efni til Guðmundar Finnbogasonar (1873–1944) sem var um þessar mundir helsti sérfræðingur þjóðarinnar og ráðgjafi stjórnvalda á sviði fræðslumála og hafði undirbúið frumvarp til nýrra fræðslulaga.³² Önnur leiðin var að sú að engin trúfræði yrði kennd í skólum sem kostaðir væru af almannafé en einstökum prestum og söfnuðum falið að annast hana. Hin leiðin fólst í

[...] að í skólunum yrði gefin einskonar allsherjarfræðsla um trúarbrögð í sambandi við allsherjar siðfræði, eða sem inngangur hennar og annars fróðleiks um uppruna heims og sögu, siðmenningar og sálarfræði — alt sniðið eftir og miðað við nútímaskoðanir beztu vísindamanna og trúflokka, sem alment eru svo álitnir.³³

Í stað kristinna fræða skyldi sem sé taka upp fræðslu í vísindalega viðurkenndri lífsspeki sem hefði m.a. að geyma túlkun á stöðu mannsins í heiminum.

Á þessum tíma var þetta raunar brýn umræða, óháð aðskilnaðarmálinu, þar sem allsherjarendurskoðun á fræðslumálum landsins stóð nú yfir og náði fram að ganga

³⁰ „Fríkirkjumálið“, bls. 117–118.

³¹ Sama rit, bls. 117. Sjá og M. Stefánsson, „Prestar og alþýðufræðsla II“, *Þjóðalfrur* 19. apríl 1907, bls. 64. Á þingmálafundi í Norður-Múlasýslu 1914 var lagt til að vöxtunum af eignum kirkjunnar yrði í framtíðinni varið til menntamála. „Fundargjörð“, *Austri* 4. febrúar 1911, bls. 17.

³² Jörgen L. Pind, „Guðmundur Finnbogason sálfræðingur, ritstjóri *Skírnis*“, *Skírnir* 179: vor/2005, bls. 7–32, hér 18–23. Sjá Sigurður Pálsson, *Kirkja og skóli á 20. öld: Staða og þróun kennslu í kristnum fræðum og trúarbragðáfræðum á Íslandi með samanburði við Danmörku, Noreg og Svíþjóð*, Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands, 2008, bls. 20–21.

³³ Matthías Jochumsson, „Uppeldismálin: II (síðari kafli)“, *Norðurland* 4:28/1905, bls. 110. Guðmundur Finnbogason lagði til að greint væri milli fermingarundirbúnings sem prestar ættu eftirleiðis að annast eins og hingað til og kristinfræðikennslu í skólum. Í skólum ætti ekki að kenna trúfræði heldur að lesa valda kafla úr *Bíblíunni* og útskýra þá, syngja sálma og veita nokkra fræðslu um sögu kirkjunnar. Guðmundur Finnbogason, *Ljómennun: Hugleiðingar og tillögur*, Heimildarit í íslenskrri uppeldis- og skólasögu 1. b., ritstj. Loftur Guttormsson, Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1994, bls. 115–125.

með nýjum lögum um fræðslu barna nr. 59/1907.³⁴ Með þeim voru fræðslumálin greind stofnunarlega frá kirkjumálunum á þann hátt að framkvæmd fyrrnefnda málaflokksins var nú fengin kjörnum skóla- og fræðslunefndum úti í héraðum í stað presta áður. Stjórnarráðið og „skólafróður maður“ á vegum þess átti svo að fara með æðstu stjórn fræðslumálanna á landsvísu.³⁵ Eftirlitshlutverki kirkjunnar með fræðslumálunum var þar með formlega lokið.

Meðan á undirbúningi fræðslulaganna stóð (1906) hreyfði greinarhöfundur sem kallaði sig „Njörð“ þessu sama máli í *Ingólfi* sem Benedikt Sveinsson yngri (1877–1954) ritstýrði. Þar lagði hann áherslu á að skólinn ætti í framtíðinni ekki að vera „[...] nokkurskonar þjónn eða „staðgengill“ annara stofnana, sem sjálfar eiga að starfa að markmiði sínu.“³⁶ Átti hann þar augljóslega fyrst og fremst við kirkjuna en fram til þessa höfðu fræðslumálin mikið til heyrt undir hana. Í framhaldinu gagnrýndi hann að samkvæmt fram komnu frumvarpi að fræðslulögum ætti að lögbjóða kristindómsfræðslu í skólum á þann hátt að við fullnaðarpróf yrði karfist sömu þekkingar af börnum og ætlast var til við fermingu. Taldi hann að þvert á móti ætti að nýta þetta tækifæri til að slíta tengsl kirkju og skóla með öllu en ekki aðeins stofnunarlega. Kvað hann kirkju og skóla hafa hvort sitt hlutverk enda mundi hefðbundin fræðsla í kristnum fræðum fremur gera ógagn en gagn eins og á staði.³⁷ Til áréttingar máli sínu vísaði „Njörðr“ til þess að þá um sumarið hefði verið mælt gegn slíkri aðgreiningu á þingi sökum þess að hún hefði verið talin til þess fallin að „afkristna“ landið, gagnstætt því sem ætlast væri til.³⁸ Sjálfur sagði „Njörðr“:

Sjá menn ekki, hvernig ástandið er? Getur mönnum dulist, hve mjög trúarlíf þjóðarinnar er ytra form og dauður bókstafur? Og ef kirkjan getur ekki glætt trúarlífið og alið upp kristna menn, þá geta skólarnir það ekki. Það yrði því jafnan nauðungarstarf og oft verra en nafnið tómt. Og ógeðfellt hlýtur að vera þeim manni, sem ann sönnum kristindómi óháðum kreddum kirkjunnar og manna-setningum, að sjá börnum sínum þröngvað til að læra erfið og óskiljanleg trúfræðakerfi í skólunum, þar sem hugsun þeirra á að þroskast að skilningi og samræmi.³⁹

Þarna deildi „Njörðr“ á hverfræðslu kirkjunnar. Sjálfur leit hann svo á að öll fræðsla í skólunum ætti

[...] að vera lífandi og laðandi fyrir börnin [...] glæða ímyndunarafl [þeirra] og leiðbeina þeim. Hún á að skapa samræmi í sálarlífi þeirra og hugsunum, hún á að varast að þröngva óskýrðum, óskiljanlegum hugmyndum inn í huga þeirra, hún á að vera frjáls og eyða mótsögnum lífsins.⁴⁰

„Njörðr“ mælti því með fræðslu sem stuðlaði að siðferðis- og sálarþroska en ekki innrætingu á trúfræðilegum kennisetningum kirkjunnar. Bodaði þetta róttæk umskipti frá því sem verið hafði en á þessum tíma var svonefnt Helgakver drottandi í uppfraðslunni sem gekk að langmestu leyti út á utanbókarlærdóm á

³⁴ *Sjórnartíðindi* A, 1907, bls. 380–397.

³⁵ Lög um fræðslu barna nr. 59/1907, *Sjórnartíðindi* A, 1907, bls. 392–397.

³⁶ Njörðr, „Alþýðufræðslan“, *Ingólfr* 4:21/1906, bls. 79–80, hér 80.

³⁷ Sama rit, s.st. Sjá Lög um fræðslu barna nr. 59/1907, *Sjórnartíðindi* A, 1907, bls. 380–381.

³⁸ Njörðr, „Alþýðufræðslan“, bls. 80.

³⁹ Sama rit, s.st.

⁴⁰ Sama rit, s.st.

helstu kennisetningum kirkjunnar, eins og raunar hafði tíðkast hér frá upphafi lúthersks siðar.⁴¹ Þess skal getið að greint var á milli skírnarfræðslu kirkjunnar og kristinfræðikennslu í almennum skólum 1926.⁴²

Um svipað leyti og fyrrgreint frumvarp að fræðslulögum lá fyrir lagði kirkjumálanefndin sem lauk störfum 1906 til breytingar á skipan prestakalla sem miðuðu að mikilli fækkun þeirra.⁴³ Í tilefni af því birti *Fjallkonan* tillögur frá ónafngreindum presti sem gengu í gagnstæða átt við meginstefnu fyrrnefnda frumvarpsins um aukið sjálfstæði skóla. Lagði hann til að kirkjur og skólar yrðu sameinuð, helst undir einu þaki, sem og að prests- og kennarastarfinu yrði sömuleiðis slegið saman. Til að mæta því aukna álagi sem skólakennslan hefði í för með sér fyrir presta mætti létta af þeim ýmsum önnum, svo sem með því að fela öðrum að taka manntal, sem og að láta leikmönnum almennt eftir að skíra börn með skemmri skírn. Á þessum tíma voru skírnir prestum oft bæði tímafrekar og erfiðar vegna þess að þær fóru almennt fram á heimilum og gátu því útheimt mikil ferðalög. Þá mátti að mati greinarhöfundar einfalda helgihaldið þannig að undirbúningur þess tæki skemmri tíma.⁴⁴ Ritstjóra *Fjallkonunnar*, Einari H. Kvaran, fundust tillögurnar ganga allt of langt en kvaðst birta ágrip af þeim til að hvetja til umræðu um það brýna mál sem aðskilnaðurinn væri.⁴⁵

Þótt tillögur prestsins virðist lítt kirkjulegar byggðust þær þó fyrst og fremst á andstöðu hans við fækkun prestakalla, sem og fyrirhugaða aðgreiningu fræðslu- og kirkjumálanna. Hann vildi standa vörð um það hefðbundna hlutverk presta um aldir að vinna að „[...] kristilegri og borgaralegri menning og uppbygging alþýðunnar“.⁴⁶ Einnig vildi hann spara samfélaginu þau útgjöld sem ný stétt barnakennara og sjálfstætt fræðslukerfi myndu hafa í för með sér.⁴⁷ Um þróun mála á þessu sviði sagði hann:

Eg fæ sem sé ekki betur séð og skilið, en prestar, eins og nú er komið, sé yfirleitt að missa meira og meira þýðingu sína fyrir uppeldi þjóðarinnar, bæði í kristilegu og menningarlegu tilliti, en þó enn þá meir hljóti að kveða að þessu við frekari væntanlega fækkun presta og stækkun prestakalla. — Eg fæ ekki betur séð, en að nú þegar séu margir prestar orðnir að eins konar gagnslitlum, og sumir alveg gagnslausum og leiðinlegum hlaupurum, á ferð og flugi við illa eða ónotuð embættisverk [...].⁴⁸

Átti hann þar ekki síst við ferðalög á útkirkjur eða annexíur sem fjölgaði víða við brauðasameiningar. Af þessum sökum kvað hann marga vera tekna að efast um

⁴¹ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, *Íslensk þjóðmenning* V, ritstj. Frosti F. Jóhannsson, Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga, 1988, bls. 75–339, hér 284. Sjá og Helgi Hálfidánarson, *Helgakver*, inngang ritaði Einar Sigurbjörnsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2000.

⁴² Loftur Guttormsson, „Annar hluti: Sundurleit skólaskipan 1907–1945“, *Skólalald í bæ og sveit 1880–1945*, Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007 I, ritstj. Loftur Guttormsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008, bls. 74–159, hér 110–111.

⁴³ Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, Reykjavík: Alþingissögufnd, 1952, bls. 74–75.

⁴⁴ „Prestar og kennarar: Tillögur frá prestum um gagnngerar breytingar. I. Inngangur Fjallkonunnar“, *Fjallkonan* 23:64/1906, bls. 253–254, hér 253. Sjá og M. Stefánsson, „Prestar og alþýðufræðsla II“, bls. 64. Skagfirzkur bóndi, „Rödd úr sveitinni“, *Norðurland* 9:3/1909, bls. 3. Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, bls. 317–319.

⁴⁵ „Prestar og kennarar: Tillögur frá prestum um gagnngerar breytingar. I. Inngangur Fjallkonunnar“, bls. 253.

⁴⁶ „Prestar og kennarar: Tillögur frá prestum um gagnngerar breytingar. Niðurl.“, *Fjallkonan* 23:65/1906, bls. 257–258, hér 257.

⁴⁷ Sama rit, bls. 258.

⁴⁸ „Prestar og kennarar: Tillögur frá prestum um gagnngerar breytingar. I. Inngangur Fjallkonunnar“, bls. 254.

réttmæti þeirra gjalda sem safnaðarfólk skyldi reiða af hendi til presta sinna.⁴⁹ Varðandi áframhaldandi samþættingu kirkju og skóla sagði hann svo:

En eg fyrir mitt leyti er í engum efa um, að sannur kristindómur og kristilegur prestskapur samrýmist ágætlega og á að samrýmast heilbrigðu borgaralegu lífi. Og vei því veraldlegu félagi og líferni eða fyrirkomulagi þess, er ekki samrýmist kristilegri trú og siðferði.⁵⁰

Í skrifum prestsins virðist mega greina gremju sem tekin var að grafa um sig meðal presta og safnaða annars vegar vegna fækkunar og stækkunar prestakalla sem hafist hafði á síðustu áratugum 19. aldar og hækkandi prestslauna hins vegar sem ýmsir áttu eftir að hnýta í.⁵¹

Árið eftir þessi skrif prestsins (1907) taldi greinarhöfundur í *Þjóðólfi* sem kallaði sig „M. Stefánsson“ og búsettur var í Húnavatnssýslu að aðskilnaðarmálið hlyti að verða leitt til lykta í náninni framtíð enda væri það vel til þess fallið að auka kirkjulegt líf í landinu. Einkum áleit hann jákvætt að þá yrði kirkjan laus við marga nauðuga féлага (sjá fyrri grein). Umfram allt taldi hann þó að skoða þyrfti kirkju- og fræðslumálin í samfellu vegna þess hve nátengd þau hefðu verið um langan aldur.⁵² Ljóst er því að undirbúningur að fræðslulögunum 1907 varð til að auka umræðu um tengsl ríkis og kirkju í framtíðinni og áhrif aðskilnaðar á ýmsum sviðum þjóðlífsins.

Um þetta leyti fjölluðu landsmálablöð nokkuð um aðskilnað ríkis og kirkju í Frakklandi sem urðu í árslok 1905.⁵³ Árið eftir birtist t.d. í *Norðurlandi* greinargott yfirlit yfir þróun málsins þar og var þá upphaf þess einmitt rakið til deilna um fræðslumál sem hefðu að miklu leyti verið í höndum klaustra og annarra kirkjulegra stofnana.⁵⁴ Einnig var þróunin í Frakklandi rakin í *Vínlandi* sem gefið var út í Minnesota og talin mikilvægt eftirdæmi fyrir allan hinn menntaða heim. Var litið svo á að við aðskilnað stæði baráttan einkum um fræðslumálin. Um það sagði að meðan ríki og kirkja væru sameinuð hefði kirkjan mikil yfirráð yfir kennslumálum.⁵⁵ Taldi blaðið að hún hefði oft beitt valdi sínu á því sviði á miður hollan hátt af sjónarhóli ríkisins séð.

Trúar- og kirkjulegum rökum vex ásmegin

Frá upphafi hafði trúarlegra, guðfræðilegra og kirkjulegra sjónarmiða gætt í aðskilnaðarumræðunni. Þeirra gætti t.a.m. greinilega í skrifum Þórarins Böðvarssonar (1825–1895) í Görðum á Álftanesi er hann leit svo á að aðskilnaður mundi leiða til afkristnunar í samfélaginu (sjá fyrri grein). Þá má líta svo á að hugmyndir um kenningarfrelsi í höndum kirkjuþings og/eða einstakra safnaða hafi verið guðfræðilegs eðlis, ekki síst þegar söfnuðirnir áttu að fara með það. Slíkar hugmyndir fela

⁴⁹ Sama rit, s.st. Hjalti Hugason, „Félagsgjöld eða ríkisframlag? Eðli og þróun sóknargjalda“, *Ritroð Guðfræðistofnunar* 44/2017, bls. 33–57, hér 42–44, *ojs.hi.is*, sótt 30. nóvember 2017 af <https://ojs.hi.is/ritrodegudfraedistofnunar/article/view/2627/1418>.

⁵⁰ „Prestar og kennarar: Tillögur frá prestum um gagngerar breytingar. Niðurl.“, bls. 258.

⁵¹ Sama rit, bls. 257–258.

⁵² M. Stefánsson, „Prestar og alþýðufræðsla II“, bls. 64.

⁵³ Jens Holger Schørring, „188 til í dag“, *Kirkens historie* 2, Kaupmannahöfn: Hans Reitzels forlag, bls. 383–749, hér 444.

⁵⁴ „Aðskilnaður kirkju og ríkis í Frakklandi“, *Norðurland* 5:28/1906, bls. 111. Sjá og „Utan úr heimi“, *Nýtt kirkjublað* 2:21/1907, bls. 256.

⁵⁵ „Skilnaður Ríkis og Kirkju“, *Vínland* 5:3/1906, bls. 20.

óhjákvæmilega í sér guðfræðilega sýn á kennivaldið í kirkjunni og handhafa þess, sem og valddreifingu í kirkjunni almennt og þá sérstaklega hlutverk og eðli safnaðanna. Snemma varð það líka ríkjandi sjónarmið hér að sjálfstæði gagnvart ríkisvaldinu væri ein af forsendum þess að þjóðkirkjan gæti náð markmiðum sínum.⁵⁶ Þennan þjóðkirkjuskilning, sem ekki var aðeins kirkjupólitískur heldur einnig guðfræðilegs eðlis, aðhylltust bæði fylgjendur löggjafarleiðarinnar og a.m.k. þeir aðskilnaðarmenn sem töldu að aðskilnaður mundi efla kirkjuna og starf hennar.

Ýmsum sértækari kirkjulegum, guðfræðilegum og trúarlegum rökum var líka snemma beitt í aðskilnaðarumræðunni. Eftir aldamótin 1900 tók orðræðu af þessu tagi að gæta í vaxandi mæli og þá ekki síst í kristilegu málöggnunum *Bjarma* og *Frækornum*.

Pólarnir Bjarmi og Frækorn

Kristilega „heimilisblaðið“ *Bjarmi* hóf göngu sína 1907 undir ritstjórn Bjarna Jónssonar (1862–1951) kennara og skýrði hann fljótlega frá því að sú ósk hefði almennt verið látin í ljósi á þingmálafundum þá um vorið að Alþingi ynni af alefli að því að aðskilnaður ríkis og kirkju yrði sem fyrst að veruleika.⁵⁷ Blaðið óttaðist að með þessu væri fyrst og fremst stefnt að því að eignir kirkjunnar rynnu til ríkisins og að framlög til kirkjumála væru spöruð. Töldu menn þar á bæ því að efnahagsleg rök vægju þyngst í hugum aðskilnaðarsinna. Öðrum þræði var þarna vísað til þeirrar orðræðu sem Skúli Thoroddsen hafði hafið rúmum áratug fyrr. Einnig taldi blaðið að stefnt væri að því að fella kristindómsfræðslu brott úr opinberum skólum. Loks lægi sú ósk undir steini að auðveldara yrði að boða ýmsar sérskoðanir sem ekki samrýmdust hefðbundinni lútherskri kristindómstúlkun svo sem „[...] únítarismus, spritismus, materialismus o.s.frv. eða í einu orði rationalismus (skynsemistrú).“⁵⁸ Var þessu síðastnefnda atriði sýnilega stefnt gegn þeim sem óskuðu eftir kenningarfrelsi í kirkjunni líkt og Einar H. Kvaran hafði gert og frjálsslyndir guðfræðingar tóku í vaxandi mæli að gera eftir því sem aldamótaguðfræðinni óx fiskur um hrygg.

Auk þessara kirkjulegu röksemda gegn aðskilnaði lét blaðið í ljósi íhaldssamar stjórnmalaskoðanir og leit augljóslega svo á að aðskilnaðarhugmyndir væru runnar undan rifjum sósíalista.⁵⁹ Svo hafði vissulega verið víða erlendis þótt ekki eigi það mat við hér á landi. Blaðið var því almennt tortryggið í garð aðskilnaðarhugmynda

⁵⁶ Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju á öndverðri 20. öld: Fyrstu tilraunir til að koma á kirkjuþingi á Íslandi“, *Ritvöð Guðfræðistofnunar* 31/2010, bls. 73–104, hér 76–77.

⁵⁷ „Aðskilnaður ríkis og kirkju“, *Bjarmi* 1:14/1907, bls. 106–108, hér 106 (hér eftir „Aðskilnaður ríkis og kirkju“a). „Aðskilnaður ríkis og kirkju“, *Frækorn* 8:27/1907, bls. 207 (hér eftir „Aðskilnaður ríkis og kirkju“b). „Þingmálafundur“, *Þjóðólfur* 19. júní 1907, bls. 103. „Þingmálafundur á Akranesi“, *Lögretta* 2:25/1907, bls. 99. „Þingmálafundur heimastjórnarflokksins í Reykjavík 30. júní“, *Reykjavík* 8:50/1907, bls. 159 (áskorun til stjórnar að hefja undirbúning aðskilnaðar en að bráður bugur yrði undinn að því að sóknargjöld allra utanþjóðkirkjumanna rynnu til fræðslumála). „Stjórnmalafundur“, *Lögretta* 2:28/1907, bls. 109–110, hér 110. „Þingmálafundur“, *Austri* 5. júlí 1907, bls. 95 (aðskilnaður, kirknajarðir seldar eins og þjóðjarðir og leggist í landssjóð). „Þingmálafundargjörð“, *Austri* 5. júlí 1907, bls. 95–96, hér 96 (skiptar skoðanir en nokkurt fylgi við aðskilnað en meiri við fækkun presta og sölu kirkjujarða). „Fundargerð“, *Reykjavík* 8:48/1907, bls. 153. Á þingmálafundi Rangæinga var stuðningi lýst við frumvörp meirihluta kirkjumálanefndarinnar en þó ítrekað að ekkert skyldi gert er tengdi kirkjuna frekar við ríkið en þegar væri. „Þingmálafundur“, *Reykjavík* 8:48/1907, bls. 153.

⁵⁸ „Aðskilnaður ríkis og kirkju“a, bls. 106.

⁵⁹ Sama rit. s.st.

en tók hvorki tillit til þeirra mannréttindasjónarmiða sem haldið hafði verið fram hér né þeirrar skoðunar að rétt væri við ríkjandi aðstæður að greina á milli hins andlega og veraldlega sviðs í samfélagslegu tilliti. Þá tók *Bjarmi* ekki afstöðu til þess hvort ríkistengsl heftu frelsi kirkjunnar, fælu forræði hennar ókirkjulegum og jafnvel andkirkjulegum mönnum og slævðu trúaráhuga fólks, svo að nefnd séu nokkur af þeim trúarlegu rökum sem færð höfðu verið fyrir aðskilnaði. Loks dró blaðið í efa að almenningur í landinu reyndist fús til að halda uppi kristnihaldi á eigin kostnað og virtist ekki telja neitt óeðlilegt við að almannafé væri eigi að síður áfram varið til rekstrar þjóðkirkjunnar.⁶⁰ Á það hafði þó oft verið bent að það hlyti að orka tvímælis frá siðferðilegu sjónarmiði séð. Mat blaðsins var:

Vilji ríkið ekki styrkja kirkjuna, svo að hún geti verið það, sem guð ætlast til, þá er vinum hennar sá kostur einn fyrir hendi að æskja aðskilnaðar. En ef ríkið elskar kirkjuna og gerir alt sitt til að efla lifandi kristindóm, þá getur kirkjan notið sín að fullu undir vernd þess.

Hvort á sér nú stað vor á meðal?

Vinum lútersku kirkjunnar er áriðandi að gera sér grein fyrir þessu og ekki hrapa að neinu í þessu *mikilvægasta* máli þjóðarinnar.⁶¹

Það álit sem hér kom fram er fyrst og fremst kirkju- og trúarlegs eðlis. Afstaða til aðskilnaðar skyldi einkum fara eftir því hvort tengsl við ríkið væru talin efla kirkjuna í hlutverki sínu eða ekki. Skömmu áður hafði blaðið líka skýrt frá ferð sænsks prests, Samuels Friis, til Hollands þar sem aðskilnaður var einmitt gerður um þessar mundir. Kvað hann í ferðasögu sinni að lægri stéttir þar í landi væru eftir þá breytingu orðnar „[...] hálfviltar í siðferðislegu tilliti [...]“. Staðhæfði blaðið að í Hollandi mætti sjá hvernig „kristindómslaus fríkirkja“ liti út. Ályktunarorð voru:

Aðskilnaður ríkis og kirkju má ekki byggjast á því, að þjóðin vilji engan kristindóm hafa, heldur á hinu gagnstæða. Sofandi ríkiskirkja er mikill gallagrípur, en kristindómslaus fríkirkja er þó margfalt verri. Ef kirkjan á að verða í sannleika frjáls, þá verður hún sjálf að sprengja af sér ríkisböndin með lífskrafti kristindómsins.⁶²

Umfjöllun *Bjarma* var svarað í tímaritinu *Frækornum* sem hafði hafið göngu sína aldamótaárið 1900 og var gefið út af David Östlund (d. 1931) forsvarsmanni sjöundadagsaðventista en það hafði hlotið umtalsverða útbreiðslu.⁶³ Lýsti ritstjórinn stefnu blaðsins svo:

Blaðið vill leitast við að tala hið einfalda sannfæringarmál kristindómsins, laust við ofsa og öfgar, í þeirri vissu, að því nær sem nútíðar-kristindómurinn geti komist hinum frumlega kristindómi, bæði hvað trú og líf snertir, því betur muni hann sýna afl sitt til að endurnýja, göfga og hefja bæði einstaklinga og heilar þjóðir.⁶⁴

Þar sem þetta var meginstefna blaðsins má almennt flokka framlag *Frækorna* til aðskilnaðarumræðunnar sem kirkju- og/eða trúarlegt. Öll röksemdafærsla í málinu sem þar kom fram var þó ekki á þröngum trúarlegum nótum heldur gætti þar einnig

⁶⁰ Sama rit, bls. 106–108.

⁶¹ Sama rit, bls. 108.

⁶² „Holland og fríkirkja“, *Bjarmi* 1:13/1907, bls. 104.

⁶³ Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi 4, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 197–421, hér 274–276, sjá og 226.

⁶⁴ „Frækorn“, *Frækorn* 1:1/1900, bls. 1.

mannréttindasjónarmiða. Þar vó að sjálfsögðu þungt að blaðið var gefið út af utanþjóðkirkjumönnum sem áttu allt undir því að trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar væru virt og þróuð áfram í frjálslyndum lögum.

Í andmælum *Frækorna* við skrifum *Bjarma* var því mótmælt að aðskilnaðarmenn berðust fyrir því að koma ríkiskirkjunni fyrir kattarnef og að fé hennar hyrfi í landssjóð. Bent var á að Jón Ólafsson hefði þvert á móti fyrir skömmu bent á að við aðskilnað gætu eignir kirkjunnar runnið í sjóð sem nota mætti til að styrkja óháðar kirkjur í landinu í hlutfalli við félagafölda þeirra (sbr. „austurrísku“ leiðina). Einnig benti blaðið á að engin samstaða ríkti um að kristindómsfræðsla rúmaðist ekki í opinberum skólum. Að vísu var viðurkennt að Lárus Halldórsson (1851–1908) frikirkjuprestur hefði haldið fram slíku sjónarmiði en afstöðu hans taldi ritstjóri *Frækorna* fráleitt ráðast af óvild til kristindómsins.⁶⁵

Öfugt við *Bjarma* óttuðust aðstandendur *Frækorna* ekki að kristindómurinn fjarði út þótt til aðskilnaðar kæmi og bentu því til staðfestingar á reynslu meðal Vestur-Íslendinga sem frekar vildu halda uppi kristindómi hjá sér en verða „[...] heidnir og kristindómslausir [...]“.⁶⁶ Loks sagði í blaðinu:

Það fer að verða mönnum skiljanlegt, að það er rangt, og kristindóminum óverðugt, að kúga með lögum vantrúaða menn og kristindómslausa til þess að greiða fé til eflingar þeirri trú, sem þeir eru andstæðir; að það er réttara að láta menn vera alfrjálsa í trúmálum, að láta þá, sem elska Krist, halda málefni hans við, en hætta að rena fé úr vösum mótstöðumanna hans, til þess að fylgismenn kristinnar þurfi ekki að leggja svo mikið á sig — heldur geti sofnað og sofið svefni aðgerðaleysisins.⁶⁷

Þarna fylkti hið trúarlega mál gagn aðventista sér af skiljanlegum ástæðum að baki þeim siðferðilegu mannréttindasjónarmiðum að ekki væri verjandi að krefja minnihluta landsmanna um að taka þátt í að fjármagna trúariðkun meirihlutans. Þetta var því málstaður sem átti fylgi að fagna þvert á áttakalínur trúarlegra og veraldlegra sjónarmiða í aðskilnaðarumræðunni þótt þjóðkirkjumenn tækju síst undir hann.

Umræðan um aðskilnað átti annars eftir að verða mjög virk í *Frækornum*. Þetta sama ár (1907) nálgadist blaðið málefnið t.d. út frá mannréttindasjónarmiði þegar Östlund ritstjóri skrifaði:

Augu þjóðarinnar eru farin að opnast fyrir þessu sjálfsagða *réttlætismáli*, fyrir þessu *velferðarmáli* allra manna, þessu *frelismáli*, sem setur sem takmark sitt, að veita mönnum fullt sjálfstæði í andlegu lífi þeirra, — sem gerir kristindóminn að trúarmáli, en ekki mamasetningum [svo].⁶⁸

Þetta sama ár andæfði blaðið oftár íhaldssömum skrifum *Bjarma* um aðskilnaðarmálið, m.a. veittist það að þeim ummælum að í stað ríkiskirkju kæmi „kristindómslaus frikirkja“.⁶⁹

⁶⁵ „„Bjarmi“ og aðskilnaður ríkis og kirkju“, *Frækorn* 8:31–32/1907, bls. 239–240, hér 239.

⁶⁶ Sama rit, bls. 240.

⁶⁷ Sama rit, s.st.

⁶⁸ „Aðskilnaður ríkis og kirkju“b, bls. 207.

⁶⁹ „Kristindómslaus frikirkja“, *Frækorn* 8:28/1907, bls. 213–214. Sjá og „„Bjarmi“ og aðskilnaður ríkis og kirkju“, bls. 239–240. „Orð í tíma töluð um aðskilnað ríkis og kirkju á Íslandi: Séra Jón Bjarnason tekur til máls“, *Frækorn* 8:35/1907, bls. 271–273. Sjá „Bókafregn“, *Lögberg* 15. ágúst 1907, bls. 4.

Bjarmi skiptir um kúrs

Haustið 1910 lýsti *Bjarmi* yfir mikilli stefnubreytingu í aðskilnaðarmálinu. Ritstjórninn kvað blaðið fram til þess tíma hafa verið andsnúið aðskilnaði þar sem það hefði ekki viljað að málið yrði ráðið til lykta einvörðungu vegna skiptra skoðana um ytra fyrirkomulag kirkjumála í landinu. Hið beina tilefni stefnubreytingarinnar var einnig háguðfræðilegt þar sem blaðið taldi að innan kirkjunnar gætti sterkar tilhneigingar til að opna hana fyrir „þrenningarneitun“ í anda únítarisma og róttækrar frjálslyndrar guðfræði.⁷⁰ Blaðið taldi sem sé að í raun ríkti of mikið kenningarfrelsi í þjóðkirkjunni, jafnvel svo mjög að þær aðstæður væru farnar að mæla sterklega með aðskilnaði. Um það sagði m.a. í stefnumarkandi grein undir yfirskriftinni „Kaldur eða heitur“:

Nú ætlum vér, að tími sé til kominn, að ríkið og kyrkjan skilji, til þess að gagnólikar lífsskoðanir og trúarskoðanir séu eigi lengur tjóðraðar saman, öllu andlegu og siðferðislegu lífi til niðurdreps og tímanlegri velferð þjóðarinnar jafnt sem andlegri.⁷¹

Ennfremur:

Vér vildum bíða þess, að hálfvelgjústefnan nýja kastaði kuflinum, svo að alþýða manna gæti séð, hvernig hún er í raun og veru. Nú er þetta fengið og þá erum vér einhuga með skilnaði, því að það eitt gerir enga fríkyrkju, þó söfnuðir megi kjósa sér presta og sjálfir skapa sér gjöld til kyrkjubarfa og laun handa prestunum. Frelsi kyrkjunnar er andlegt frelsi, það frelsi, að þeir megi skilja, sem eigi geta haft samneyti í trúarefnum, og hverir um sig rækja sína trú, óháðir hverir öðrum og öllu ytra valdi.⁷²

Hvatti blaðið alla þá presta og leikmenn sem ekki vissu sér „[...] annað til sáluhjálpar en Jesúm Krist hinn krossfesta, [...]“ til að taka höndum saman um að hefja kirkjuna úr niðurlægingu þjóðinni til blessunar og bjarga henni „[...] úr andlegu og siðferðislegu volæði.“ Þetta taldi blaðið best gert með því að styðja skilnaðarmálið „[...] með greind og gætni.“⁷³

Með þessari breyttu afstöðu *Bjarna* taldi ritstjóri *Frækorna* að almenn samstaða hefði náðst um að tímabært væri orðið að skilja að ríki og kirkju og að nauðsynlegt væri að leiða málið til lykta hið fyrsta. Þá benti hann á að jafnvel ritstjóri *Nýs kirkjublaðs*, Þórhallur Bjarnarson, hefði oft stutt málið og að líkast til hefði hann ekki breytt til í því efni, þótt hann væri nú orðinn æðsti maður kirkjunnar.⁷⁴ Þarna var höfðað til Þórhalls biskups í viðkvæmri stöðu. Hann hafði lengst af verið fylgjandi aðskilnaði en þróað nokkuð hugmyndir sínar um hvað taka skyldi við eftir aðskilnaðinn, fríkirkja er næði til landsins alls eða einvörðungu innbyrðis óháðir fríkirkjusöfnuðir. Hann hafði þó fylgt eftir tillögum kirkjumálanefndarinnar 1904–1906 en með henni hafði löggjafarleiðin verið fest í sessi (sjá fyrri grein). Hér var hann því hvattur til að taka upp þráðinn frá því fyrir tíma nefndarinnar.

⁷⁰ „„Kaldur eða heitur““, *Bjarmi* 4:17/1910, bls. 129–131.

⁷¹ Sama rit, bls. 130.

⁷² Sama rit, bls. 131.

⁷³ Sama rit, s.st.

⁷⁴ „Aðskilnaður ríkis og kirkju“, *Frækorn* 11:5/1910, bls. 114–115, hér 115 (hér eftir „Aðskilnaður ríkis og kirkju“c). Hér er litið svo á að Þ.B. hafi aldrei snúið baki við þeirri stefnu að skilja bæri að ríki og kirkju. Á það má samt benda að hann tjáði sig mjög varfærnislega í umsögn sinni um tillögur að stjórnarskrárbreytingum 1914 en þar var hann fremur að túlka sjónarmið prestastéttarinnar en persónulega skoðun sína. Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju á öndverðri 20. öld: Sjálfstæði eða aðskilnaður? — Kirkjupólitík Þórhalls Bjarnarsonar 1893–1916“, *Ráttur Guðfræðistofnunar* 32/2011, bls. 20–47, hér 34–37.

Aukinn þungi í aðskilnaðarumræðunni

Undir lok fyrsta áratugar 20. aldar færðist aukinn þungi í aðskilnaðarumræðuna. Var þá oft haft á orði að allur almenningur væri aðskilnaði samþykkur og að andmælaraddir heyrðust tæpast á opinberum vettvangi, t.d. á þingmálafundum.⁷⁵ Þó ber til þess að líta að þeir sem vildu ná markmiðum stjórnarskrárinnar um þjóðkirkju og trúfrelsi eftir löggjafarleiðinni voru eðli máls samkvæmt andsnúnir aðskilnaði. Margir hafa þó ugglaust talið fylgjendur löggjafarleiðarinnar er margir komu úr röðum presta vera hluta af „kerfinu“ en síður litið á skoðun þeirra sem mótaða trúarpólitíska afstöðu til jafns við aðskilnaðarleiðina. Hér hefur skipt miklu að löggjafarleiðin hafði orðið ofan á meðal presta.

Í þessum kafla verður fyrst gerð grein fyrir aðskilnaðarmálinu á Alþingi 1909 og áframhaldandi umræðu í kjölfar þingsins sem sýnilega hleypti nýju fjöri í umræðuna. Verður þar sérstaklega vikið að umræðu um málið meðal Skagfirðinga. Loks verður greint frá straumhvörfum sem urðu með stjórnarskrárbreytingunum 1915 og ollu kaflaskilum í umræðunni.

Aðskilnaðarmálið á Alþingi 1909

Þegar dró að þingi sumarið 1909 tóku landsmálablöðin að boða að þingmennirnir Jón Jónsson í Múla í Heimastjórnarflokki og Jón Jónsson (1871–1960) á Hvanná í Sjálfstæðisflokki (eldri) mundu báðir hreyfa skilnaðarmálinu þar.⁷⁶ Þegar til kom lagði þó aðeins sá síðarnefndi fram tillögu til þingsályktunar í neðri deild þingsins þess efnis að deildin skoraði á landstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um aðskilnað ríkis og kirkju. Í framsöguræðu hans kom fram að honum þótti löggjafarleiðin, sem endanlega hafði verið fest í sessi tveimur árum áður, hafa leitt til þess að tengsl ríkis og kirkju hefðu herst og útgjöld til kirkjumála aukist. Helsta ástæða hans fyrir tillögugerðinni var þó það misrétti sem í því fólst að utanþjóðkirkjufólk sem ekki greiddi jafngildi sóknargjalda til annars trúfélags var áfram gjaldskytt gagnvart þjóðkirkjunni en það taldi hann mjög óréttlátt. Þá vísaði hann einnig til „prestamálsins“ sem svo hefur verið nefnt og fléttast inn í aðskilnaðarumræðuna frá upphafi.⁷⁷ „Prestamálið“ fjallaði um almennan doða í þjóðkirkjunni sem prestum var oftast kennt um (sjá fyrri grein).

Að lokinni stuttri umræðu var kosin nefnd til að fjalla um tillöguna.⁷⁸ Hún reyndist efnislega sammála upphaflegri tillögu Jóns á Hvanná en lagði þó til rýmri tímaramma ef stjórninni ynnist ekki tími til að undirbúa málið fyrir næsta þing. Vildi hún því orða ályktunina svo: „*Neðri deild Alþingis skorar á landsstjórnina að undirbúa og*

⁷⁵ *Alþingistíðindi* A, 1909, bls. 1100. *Alþingistíðindi* BII, d. 1879, 1883.

⁷⁶ „Aðskilnaður ríkis og kirkju“, *Þjóðviljinn* 23:12/1909, bls. 47. „Aðskilnaður ríkis og kirkju“, *Frækorn* 10:5–6/1909, bls. 33–36, hér 33 (hér eftir „Aðskilnaður ríkis og kirkju“d).

⁷⁷ *Alþingistíðindi* BII, 1909, d. 1874–1876.

⁷⁸ Í nefndinni sátu, auk flutningsmanns, Jón Ólafsson (1850–1916) ritstj. m.m. sem fyrstur manna vakti máls á aðskilnaði (ritari og framsögumaður), Sigurður Sigurðsson (1864–1926), Hálfðan Guðjónsson (1863–1937) og Jóhannes Jóhannesson (1866–1950) (formaður). *Alþingistíðindi* A, 1909, bls. 304. *Alþingistíðindi* BII, 1909, d. 1879. „Alþingi“, *Reykjavík* 10:16/1909, bls. 62–63, hér 63. Sjá og „Fregnir frá alþingi“, *Þjóðviljinn* 23:15/1909, bls. 57–58, hér 58.

leggja fyrir *Alþingi frumvarp til laga um aðskilnað ríkis og kirkju*.⁷⁹ Leit nefndin svo á að liður í undirbúningnum væri að stjórnin leitaði álits allra héraðs- og safnaðarfunda í landinu áður en frumvarp í þessa veru yrði lagt fyrir þingið.⁸⁰ Hvorki í upphaflegri tillögu né gögnum nefndarinnar kom fram að framkvæmd ályktunarinnar, ef samþykkt yrði, krefðist stjórnarskrárbreytingar. Það kom aftur á móti fram í máli framsögumanns fyrir nefndarálitinu, Jóns Ólafssonar ritstjóra.⁸¹

Í álitni nefndarinnar kom annars fram að hún áleit þjóðkirkjufyrirkomulag „óeðlilegt“ þar sem það væri „[...] jafn gagnstætt eðli kirkjunnar eins og eðli ríkisins.“⁸² Þá lagði nefndin áherslu á að í landi þar sem trúfrelsi hefði verið komið á væri afstaða þingmanna til kirkjunnar ýmiss konar. Því gætu menn sem væru kirkjunnar meira eða minna mótsnúningur ráðið úrslitum í kirkjulegum málum en það gæti hvorki verið kirkjunni „[...] ljúft eða holt.“⁸³ Þá drógu nefndarmenn í efa að sá fjárhagslegi stuðningur sem þjóðkirkjufyrirkomulagið tryggði kirkjunni vægi upp það „[...] óhagræði og andlega ófrelsi [...]“ sem kirkjan hlyti að búa við undir alveg „ókirkjulegu löggjafarvaldi“ (sjá og fyrri grein).⁸⁴ Á hinn bóginn taldi nefndin að meðan lútherska kirkjan væri þjóðkirkja gæti „[...] ríkið ekki slept umráðum mála hennar úr höndum sér.“⁸⁵ Sjálfstæði þjóðkirkju hlyti því eðli máls samkvæmt ætíð að vera takmarkað. Gætti í þessu efni mótvægis við þá stefnu sem orðin var ofan á meðal presta, sem sé að keppa almennt að auknu sjálfstæði kirkjunnar en halda í tengsl hennar við ríkisvaldið.⁸⁶

Nefndin vakti líka máls á þeirri „almennu þvingunarskyldu“ sem hvíldi á öllum að gjalda prest og kirkju ýmist persónuleg gjöld eða óbeint með framlögum úr landsjóði.⁸⁷ Í almennri umræðu, eins og hún kom fram í landsmálablöðum, hafði þetta, eins og sýnt hefur verið fram á, þráfallega verið gagnrýnt og talið skerða það trúfrelsi sem stjórnarskráin ætti að tryggja. Nefndin benti jafnframt á þá afleiðingu af gjaldskyldunni að hún létti af fólki allri ábyrgð á að sjá kirkju sinni borgið og drægi þar með úr áhuga þess á málefnum kirkjunnar.⁸⁸ Áleit nefndin að einmitt þarna væri að finna skýringu á því að andlegt líf í þjóðkirkjunni væri dauft og trúaráhugi félagsmanna hennar yfirleitt sljór. Taldi nefndin enda ekki þurfa að tala um að þeir sem hængju í ríkiskirkju af lagaskyldu einni saman væru í raun „[...] versta átumein í kirkjufélaginu“.⁸⁹ Almenn var það mat manna á þessum tíma að andleg, menningarleg og félagsleg staða kirkjunnar væri ákaflega veik.⁹⁰ Hún mætti því ekki við neinni frekari sljóvgun sem af ríkis- eða þjóðkirkjufyrirkomulaginu hlytist.

⁷⁹ *Alþingistíðindi* A, 1909, bls. 1102.

⁸⁰ Sama rit, s.st.

⁸¹ *Alþingistíðindi* BII, 1909, d. 1881.

⁸² *Alþingistíðindi* A, 1909, bls. 1100.

⁸³ Sama rit, s.st.

⁸⁴ Sama rit, s.st.

⁸⁵ Sama rit, bls. 1101.

⁸⁶ Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju á öndverðri 20. öld: Umræður í prestastétt 1911–1916. Lokasamantekt“, *Ritvöld Guðfræðistofnunar* 34/2012, bls. 96–122, hér 96–109.

⁸⁷ *Alþingistíðindi* A, 1909, bls. 1100.

⁸⁸ Sama rit, s.st.

⁸⁹ Sama rit, s.st.

⁹⁰ Hjalti Hugason, „...úti á þekju þjóðlífsins“, bls. 97–125.

Varðandi einstakar afleiðingar aðskilnaðar áleit nefndin síðan að ríkið hlyti að taka til sín hinar fornu kirknaeignir, sem og að hætta að reiða af hendi laun biskups, sem líta bæri á sem gagnjald fyrir fornar stólseignir eða vexti af þeim. Lagði nefndin til að andvirðið yrði lagt í sjóð og árlegum vöxtum skipt milli allra trúfélaga í landinu í hlutfalli við fjölda félagsmanna. Byggði hún þetta álit á þeim „aðri siðferðislega skilningi“ að tilgangur hinna upphaflegu gefenda á miðöldum hefði verið að standa straum af trúarbrögðunum í landinu, hver sem þau kynnu að verða hverju sinni.⁹¹ Einnig hlyti ríkið að taka yfir kirkjubyggingar og selja þær fjölmennasta söfnuðinum sem myndaðist í nágrenni þeirra eða þeim sem hæst byði ef fleiri en einn sæktust eftir hverri kirkju. Þá yrði að leysa alla presta frá embætti. Það kynni svo að hafa einhverja eftirlaunabyrði í för með sér er þá félli á hinn almenna sjóð sem andvirði kirkjubygginganna og kirknaeignirnar áttu að mynda og íþyngdi því ekki landsjóði. Loks yrði að leggja Prestaskólann niður en væntanlega yrði vísindaleg kennsla í almennum greinum guðfræðinnar veitt við fyrirhugaðan háskóla.⁹² Hann gæti því annast fræðilegan hluta prestsmenntunarinnar eins og raun varð á.

Nefndarálitid var mjög í anda þeirrar stefnu sem ritari hennar og framsögumaður, Jón Ólafsson, hafði haldið fram í aðskilnaðarmálinu frá upphafi. Má raunar ætla að hann hafi tekið álitid saman en aðrir nefndarmenn aðeins haft skamman tíma til að taka afstöðu til þess.⁹³

Eini presturinn í nefndinni, Hálfðan Guðjónsson á Sauðárkróki (þ.e. Reynistaðarklaustursprestakalli), síðar vígslubiskup, skrifaði undir álit hennar með fyrirvara um einstök atriði.⁹⁴ Hann beindist einkum að undirbúningi málsins, bæði á því stigi er það var þegar á sem og á lokastigi. Hann taldi að bera ætti álitid undir þjóðina í almennri atkvæðagreiðslu áður en frumvarp væri lagt fyrir þingið en ekki aðeins leitað eftir afstöðu sóknar- og héraðsnefnda eins og meirihluti nefndarinnar gerði ráð fyrir. Þá gerði hann fyrirvara um fjárhagshliðina en um hana sagði hann:

Lít eg svo á, að [fornar kirknaeignir — innsk. HH] hafi í öndverðu verið gefnar kristilegri kirkju í þessu landi. Og kaþólska kirkjan hefir verið og er kristileg kirkja. Beint framhald hennar — dóttir hennar — er lúterska kirkjan, sem kom með siðbótinni. — Hana eina tel eg því réttan erfingja að kirkjueignunum, en hvorki ríkið né aðrar óskyldar eða fjarskyldar kirkjudeildir, sem kynnu að myndast hér t.d. Mormónakirkju eða Múhamedstrúarkirkju.⁹⁵

Þá taldi Hálfðan ekki fullreynt að ekki mætti þróa þjóðkirkjuna áfram til aukins sjálfstæðis á grundvelli löggjafarleiðarinnar og sagði:

Enn vil eg drepa á það, að eg teldi heppilegt að veita meira frelsi og meiri rétt en nú er til sjálfstæðrar starfsemi í kirkjumálum, án þess slitið sé sambandi ríkis og kirkju. Það teldi eg hinn bezta undirbúning og góðan skóla fyrir fríkirkjufyrirkomulagið síðar.⁹⁶

Hálfðan var því þeirrar skoðunar að þjóðkirkjufyrirkomulag væri eðlilegt sögulegt millistig milli ríkisátrúnaðar fyrri alda og fríkirkju framtíðarinnar. Umfram allt lýsti hann sig þó samþykkan meginstefnu þingsályktunartillögunnar:

⁹¹ *Alþingistíðindi* A, 1909, bls. 1101.

⁹² Sama rit, bls. 1100–1002.

⁹³ Sbr. ummæli Hálfðans Guðjónssonar um að hann hafi aðeins haft nokkra klukkutíma til að taka saman sérálit eins og hann hefði talið sér skylt. *Alþingistíðindi* BII, 1909, d. 1885.

⁹⁴ *Alþingistíðindi* A, 1909, bls. 1102. *Alþingistíðindi* BII, 1909, d. 1882.

⁹⁵ Sama rit, d. 1884.

⁹⁶ Sama rit, d. 1884–1885.

[...] eg vil geta þess, að eg er samþykktur því, sem eg tel meginatriði málsins. Sú hugsjón vakir fyrir mér, sem fegurst og fullkomnust, að hér mætti vera frjáls kirkja í frjálsu landi.⁹⁷

Tillaga nefndarinnar var því næst samþykkt með 17 atkvæðum, 11 þingmenn úr Sjálfstæðisflokki og sex úr Heimastjórnarflokki greiddu henni atkvæði sitt, gegn atkvæðum þeirra Björns Kristjánssonar (1858–1939), Björns Þorlákssonar (1851–1935), Hannesar Hafstein og Ólafs Briem (1851–1925) sem allir voru í Sjálfstæðisflokki nema Hannes. Tveir þingmenn sátu hjá, auk ráðherra, Björns Jónssonar (1846–1912), þ.e. Sigurður Gunnarsson (1848–1936) og Jón Þorkelsson (1859–1924). Þeir voru allir í Sjálfstæðisflokki. Töldust þeir síðastnefndu með meirihlutanum og var því litið svo á að ályktunin væri samþykkt með 20 atkvæðum. Málið gekk sem sé þvert á flokkslínurnar þótt andóf væri meira úr Sjálfstæðisflokki en Heimastjórnarflokki. Fjórir prestar áttu sæti í þingdeildinni. Greiddu tveir atkvæði með ályktuninni og var annar þeirra Hálfðan Guðjónsson sem setið hafði í nefndinni en skilað sérálit, einn var á móti og einn sat hjá.⁹⁸

Aðstandendur *Frækorna* voru sem fyrr mjög fylgjandi aðskilnaði. Birti blaðið fyrrgreint nefndarálit og bætti við:⁹⁹ „Vér vonum að hin góðu afdrif málsins á þessu þingi sé góður vísir til fullnaðarsigurs þess í náinni framtíð“¹⁰⁰ Ritstjóri *Frækorna* bjóst einnig við að senn sæi fyrir endann á þófinu er hann ritaði:

Mál þetta er eitt þeirra mála, sem traustast fylgi hefir meðal landsmanna, og á seinni árum hafa komið fram margar áskoranir til alþingis frá þingmálafundum um aðskilnað ríkis og kirkju.

Það mál á sigurinn vísan, af því það er málefni sannleikans og réttlætisins.¹⁰¹

Aframbaldandi umræða

Í kjölfar þessarar meðferðar á Alþingi kom aðskilnaðarmálið til kasta tveggja almennra prestastefna er Þórhallur Bjarnarson kallaði til. Var önnur haldin á Þingvöllum sumarið 1909 en hin árið eftir á Hólum. Þær fylgdu í meginatriðum stefnu kirkjumálanefndarinnar 1904–1906 um aukið sjálfstæði þjóðkirkjunnar til handa sem komið skyldi á með stofnun kirkjuþings. Prestastéttin hélt því fast við löggjafarleiðina. Lögðust prestarnir gegn aðskilnaði, ekki síst vegna þess félagslega hlutverks sem þeir töldu að kirkjan gegndi enn og fólst í að efla siðgæði landsmanna.¹⁰² Athyglisvert er að þarna var haldið fram mjög almennt orðuðu félagslegu hlutverki kirkjunnar enda var nú lögformlegum hlutverkum presta í samfélaginu tekið að fækka og skipti þar aðgreining fræðslumálanna frá kirkjumálunum mestu.

⁹⁷ Sama rit, d. 1882.

⁹⁸ Sama rit, d. 1888–1889.

⁹⁹ „Aðskilnaður ríkis og kirkju“, *Frækorn* 10:9–11/1909, bls. 73–75 (hér eftir „Aðskilnaður ríkis og kirkju“e). Sjá og „Aðskilnaður ríkis og kirkju“, *Ingólfur* 7:23/1909, bls. 90–91.

¹⁰⁰ „Aðskilnaður ríkis og kirkju“e, bls. 75.

¹⁰¹ „Aðskilnaður ríkis og kirkju“d, bls. 33.

¹⁰² Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju á öndverðri 20. öld: Umræður um aðskilnað og sjálfstæða þjóðkirkju á almennu prestastefnunum 1909–1910“, *Ritvöð Guðfræðistofnunar* 33/2011, bls. 54–78, hér 63–68, 70–74. Prestastefnan 1909 þótti sæta töluverðum tíðindum og fluttu blöð fréttir af henni og umræðum sem þar urðu um aðskilnað. „Prestastefnan á Þingvelli“, *Fjallkonan* 26:26/1909, bls. 101–102, hér 102. „Prestastefnan á Þingvelli (Niðurl.)“, *Fjallkonan* 26:27/1909, bls. 106–107, hér 106. Sjá og „Aðskilnaður ríkis og kirkju“, *Ingólfur* 7:24/1909, bls. 95. „Prestastefnan á Þingvelli“, *Heimskringla* 5. ágúst 1909, bls. 2. „Prestastefnan á Þingvelli, *Ísafold* 7. júlí 1909, bls. 165–167, hér 165.

Margir bentu einnig á að torvelt væri að breyta stjórnarskrárákvæðinu um þjóðkirkjuna þar sem slíkt krefðist eiginlegrar breytingar á stjórnarskránni en þá, líkt og nú, þótti það viðurhlutamikið. Um þetta leyti vó þó einnig þungt sá ásteytingarsteinn sem hafði raunar oft borið á góma áður, þ.e. að hálfum fjórða áratug eftir að trúfrelsi hafði verið komið á voru þeir sem stóðu utan allra trúfélaga enn skyldir til að reiða af hendi sóknargjald bæði til prests og kirkju.¹⁰³

Sjálft form prests- og kirkjugjaldanna (saman nefnd sóknargjöld) var einnig til umræðu. Í byrjun árs 1909 kvartaði til að mynda „Skagfirskur bóndi“ undan opinberum álögum almennt sem ætlast var til að greiddar væru í peningum eins og raun var á með prestsgjaldið. Um þetta leyti var lítið af peningum í umferð og þeir jafnvel ekki auðfengnir þótt fólk væri í sæmilegum eignum. Bóndinn var hlynntur aðskilnaði og ræddi hann einkum út frá launamálum presta. Hann taldi að „byltingin“ sem gerð hafði verið á þeim, tveimur árum áður, með lögum um laun sóknarpresta nr. 46/1907 og tengdum lögum hefði átt að rýmka nægilega um stéttina og að kjarabót presta myndi í framtíðinni auðvelda mjög aðskilnað ríkis og kirkju.¹⁰⁴ Þá gæti einnig „[...] samkomulag presta og gjaldenda orðið hið eðlilegasta að dæmi Ameríkumanna og annara þjóða, sem komnar eru á hærra menningarstig en við erum enn.“¹⁰⁵

Síðar þetta sama ár (1909) ritaði höfundur sem kaus að kalla sig „L.“ grein um trúfrelsi og jafnrétti í trúmálum í *Þjóðviljann* og benti þar á að þrátt fyrir trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar væri fjarri að öllum trúarbrögðum væri gert hér jafnhátt undir höfði. Þá tók hann undir það útbreidda sjónarmið að yrði þjóðkirkjuákvæði stjórnarskrárinnar ekki fellt brott við næstu stjórnarskrárbreytingu bæri þó að breyta því á þann veg að fella mætti það brott eða breyta því með einföldum lögum.¹⁰⁶ Einnig benti hann á ýmis ákvæði laga sem hömluðu að hans mati trúfrelsi og sjálf-sagt væri að breyta, jafnvel þótt þjóðkirkjuákvæðinu sjálfu yrði haldið. Þar á meðal voru ákvæði um gjaldskyldu utanþjóðkirkjufólks til þjóðkirkjunnar. Taldi hann einmitt þetta fyrirkomulag standa í vegi fyrir að margir nýttu sér rétt sinn til að ganga úr þjóðkirkjunni enda væri það þýðingarlaust a.m.k í fjárhagslegu tilliti. Þá skapaði það líka misrétti, eins og hann benti á, að utanþjóðkirkjufólk yrði sjálft að bera allan kostnað af trúfræðslu barna sinna, öfugt við það sem gildi um þjóðkirkjufólk. Börn þess fengu fræðsluna í almennum skólum sem utanþjóðkirkjumenn tækju þó þátt í að kosta með opinberum gjöldum sínum. Af þessum sökum yrði að útiloka trúarbragðakennslu úr öllum skólum sem styrktir væru af almannafé. Loks taldi „L.“ að afnema bæri ferminguna sem á þessum tíma var nátengd almenningsfræðslunni á þann hátt að gert var ráð fyrir sömu þekkingu við fullnaðarpróf úr barnaskólum og krafist var til fermingar allt til 1926 (sjá framar). Einnig áleit hann óviðurkvæmilegt að taka heitstrengingu á borð við þá sem í fermingunni fælist af hálfþroskuðum unglungum. Loks vildi hann rýmka ákvæði um borgaralega hjónavígslu sem á

¹⁰³ Hjalti Hugason, „Félagsgjöld eða ríkisframlag? Eðli og þróun sóknargjalda“, *Ritroð Guðfræðistofnunar* 44/2017, bls. 33–57, hér 44–46, *ojs.hi.is*, sótt 30. nóvember 2017 af <https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/2627/1418>.

¹⁰⁴ Skagfirzkur bóndi, „Rödd úr sveitinni“, *Norðurland* 9:3/1909, bls. 11.

¹⁰⁵ Sama rit, s.st.

¹⁰⁶ L., „Trúfrelsi og jafnrétti“, *Þjóðviljinn* 23:12/1909, bls. 45. Sjá og L., „Hvað líður kirkjumálunum?“, *Þjóðviljinn* 24:39/1910, bls. 154.

Þessum tíma stóð aðeins þeim til boða sem stóðu utan allra trúfélaga og enginn prestur væri því skyldur til að vígja í hjónaband. Stangaðist þetta að hans mati á við þá afstöðu Lúthers að hjónabandið væri veraldleg stofnun.¹⁰⁷

Í kjölfar prestastefnu á Þingvöllum sumarið 1909 ritaði „L.“ að nýju viðamikla grein í *Þjóðviljann* og nú um kirknaeignir. Tók hann þar tilefni af afgreiðslu aðskilnaðarmálsins á þingi fyrir á árinu.¹⁰⁸ Brást „L.“ m.a. við ummælum í áliti þingnefndarinnar sem um málið fjallaði þess efnis að ríkið væri réttur umráðaaðili allra kirknaeigna en með tilliti til markmiða hinna fornu gefenda væri sanngjarnt að af-rakstri af þeim væri haldið sem sérstökum sjóði sem ætlað væri að styrkja trúfélögin í landinu.¹⁰⁹ Þessu kvaðst „L.“ ósammála. Hann leit svo á að eignirnar hefðu upphaflega verið gefnar kaþólsku kirkjunni og að ríkið hefði tekið þær eignarnámi á siðaskiptatímanum er kaþólskan var bönnuð í landinu. Lútherska kirkjan gæti því ekki talist eigandi þeirra nú þrátt fyrir að ríkið hefði varið hluta þeirra til að standa straum af starfi hennar. Taldi hann aðskilnað ríkis og kirkju ekki geta breytt neinu um þann eignarrétt sem ríkið hefði þannig öðlast. Hann áleit að aðskilnaður gæti haft það eitt í för með sér að „þjóðfélagið“ hætti að hafa þá skyldu að styðja og vernda þjóðkirkjuna m.a. fjárhagslega.¹¹⁰ Auk þess benti hann á að ríkið hefði nú axlað ýmsar skyldur er áður hefðu hvílt á kirkjunni og benti þar t.d. á eftirlit og umsjón með fræðslu barna en einmitt til þeirra nota taldi hann að ýmsar hinna fornu eigna hefðu upphaflega verið gefnar. Ennfremur áleit hann að trúfrelsi fælist m.a. í að ekkert trúfélag nyti styrks eða aðstoðar ríkisins enda væri það andstætt tilgangi „þjóðfélagsins“ að verja fé til að efla trúarbrögð. Loks benti hann á að einhverjir myndu ávallt standa utan trúfélaga og að styrkur til trúfélaganna mundi því valda mismunun gagnvart þeim sem þannig væri ástatt um.¹¹¹

„L.“ brást í greininni einnig við þeirri ályktun prestastefnunnar að hinu opinbera væri skylt að styrkja trúfélögin í landinu svo fremi sem viðurkennt væri að siðgæði borgaranna væri eitt þýðingarmesta atriðið í hverju mannfélagi og að trúin ætti stærstan þátt í að efla það. Furðaði hann sig á að því væri haldið fram jafnvel þegar komið væri fram á 20. öld „[...] að siðgæði væri ávöxtur trúarinnar, og meira að segja ætlast til að ríkið hefði þá skoðun.“¹¹² Í þessu efni taldi hann samvisku mannsins skipta sköpum en ekki trú hans og að samviskan væri „[...] engu ónæmari hjá vantrúarmanninum en hinum trúaða.“¹¹³ „L.“ áleit tilgang þjóðfélagsins vera að gera mennina betri og sælli en ósannað væri að trú hefði endilega þau áhrif.¹¹⁴ Þessi skrif „L.“ voru í samræmi við stefnu *Þjóðviljans* um langt skeið, sem og þau sjónarmið sem Jón Ólafsson hafði sett fram í upphafi aðskilnaðarumræðunnar að hlutverk kirkjunnar og samfélagsins væru svo eðlisólík að samband þeirra væri óraunhæft.

¹⁰⁷ L., „Trúfrelsi og jafnrétti“, bls. 45. Sjá og L., „Ríki og kirkja“, *Þjóðviljinn* 23:36–37/1909, bls. 141–142, hér 141. Lög um fræðslu barna nr. 40/1926, *Stjórnartíðindi* A, 1926, bls. 103.

¹⁰⁸ L., „Kirkjueignir“, *Þjóðviljinn* 23:31/1909, bls. 121.

¹⁰⁹ *Alþingistíðindi* A, 1909, bls. 1101.

¹¹⁰ L., „Kirkjueignir“, bls. 121.

¹¹¹ Sama rit, s.st.

¹¹² L., „Prestarnir“, *Þjóðviljinn* 23:33/1909, bls. 129.

¹¹³ Sama rit, s.st.

¹¹⁴ Sama rit, s.st.

Frækorn voru sem fyrr og edli máls samkvæmt eindregið fylgjandi aðskilnaði. Þar kvað nú jafnvel við harðari tón en áður þar sem ritstjórinn leit svo á þegar hér var komið sögu að bein þvingun fælist í þjóð- eða ríkiskirkjufyrirkomulaginu, bæði hvað varðaði trúarskoðanir og þó einkum skyldu þess fólks er stæði utan allra trúfélaga til að greiða sóknargjöld.¹¹⁵ Östlund ritstjóri taldi þó að eins og íslenski löggjafarhefð væri háttað gæti ekki komist hér á fríkirkja sem stæði undir því heiti heldur aðeins ný gerð af ríkiskirkju, eins konar „ríkiskirkja nr. 2“.¹¹⁶ Þetta stafaði að hans mati af því að hér áleit ríkið sig til þess bært að að setja löggjöf um hvað eina sem laut að trúarlegu líf í landinu líkt og gildandi lög um utanþjóðkirkjufólk sýndu. Fríkirkja gæti aftur á móti aðeins starfað

[...] þar sem ríkið ekki gengur yfir sín takmörk, [...], að setja reglur í borgaralegu tilliti, en láta trúarmálaefni öll afskiftalaus, af því að þau heyra undir afstöðu manns til guðs.¹¹⁷

Þarna voru *Frækorn* inni á málefni sem oft hafði skotið upp kollinum allt frá upphafi aðskilnaðarumræðunnar, sem sé að hve miklu leyti það gæti talist í verkahring ríkisins að setja lög um trúariðkun og skyld mál. Það sjónarmið sem blaðið gagnrýndi var í raun afleiðing af löggjafarleiðinni sem orðið hafði ofan á hér þegar um útfærslu á þjóðkirkju- og trúfrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar var að ræða en henni er enn fylgt í íslenskum trúmálarétti.

Frækorn gagnrýndu einnig sjónarmið sem ritstjórinn taldi mega lesa út úr grein „L.“ í *Þjóðviljanum*, þ.e. að prestar ættu áfram að njóta fastra launa úr landssjóði eftir aðskilnað. Hér var átt við ummæli þess efnis að sú kerfisbreyting að prestar væru nú komnir á föst laun yllu því að þeir þyrftu nú ekki lengur, hagsmuna sinna vegna, að standa gegn því að þeir er stæðu utan allra trúfélaga yrðu frjálsir undan sóknargjöldum.¹¹⁸ Hér virðist Östlund oftúlka ummælin enda hélt „L.“ því ekki fram í skrifum sínum að hið opinbera skyldi áfram ábyrgjast prestunum laun eftir aðskilnað. Sjálfur taldi Östlund að það eina sem til greina kæmi væri að koma á jöfnuði með því að láta hvern söfnuð sjálfan um að launa prest sinn. Þó taldi blaðið koma til greina að láta allar kirknaeignir renna í sameiginlegan sjóð og úthluta síðan úr honum til allra kristinna kirkna með tilliti til félagafjölda.¹¹⁹ Hér var haldið fram svipaðri hugmynd og Jón Ólafsson hafði hreyft áður. Þá voru *Frækorn* þeirrar skoðunar að afnema yrði trúarbragðakennslu í skólum en fela hana kirkjufélögunum sjálfum enda væri það „[...] hárrétt afleiðing af trúarbragðajafnrétti.“¹²⁰

Tveimur árum síðar (1911) var blaðið enn inni á svipuðum brautum en þá gerði Östlund ritstjóri að umræðuefni stjórnarfrumvarp þess efnis að þeir sem stæðu utan trúfélaga skyldu verða gjaldfrjálsir við þjóðkirkjuna gegn því að greiða jafnvirði sóknargjalda til fræðslumála. Leit hann á það sem fjarstæðukennt refsingargjald fyrir að hafa snúið baki við trúfélögunum. Þá taldi hann slíkt gjald mundi að verulegu leyti renna til hins sama og áður þar sem „þjóðkirkju-trú“ væri ennþá boðuð í

¹¹⁵ „Aðskilnaður ríkis og kirkju“d, bls. 33-34.

¹¹⁶ Sama rit, bls. 34. Geta má þess að Silvio Ferrari, prófessor í kirkjurétti í Milanó, lét þau ummæli falla á alþjóðlegri ráðstefnu þar sem nýju íslensku þjóðkirkjuskipaninni hafði verið lýst að um væri að ræða kirkju sem kalla mætti „statechurch light“! Samræmist það ummælunum um „ríkiskirkju nr. 2“.

¹¹⁷ Sama rit, s.st.

¹¹⁸ L., „Trúfrelsi og jafnrétti“, bls. 45.

¹¹⁹ „Aðskilnaður ríkis og kirkju“d, bls. 35.

¹²⁰ Sama rit, bls. 35–36.

skólum landsins. Það væri því rangt að láta líta svo út að þetta væri réttlátara en það fyrirkomulag sem fyrir væri.¹²¹

Íslendingur í Kaupmannahöfn sem kallaði sig „A.B.“ gagnrýndi líkt og „L.“ ályktun prestastefnunnar 1909 í bréfi til *Ísafoldar*. Taldi hann að aðskilnaður ætti meira fylgi að fagna en jafnvel mætti ráða af yfirlýsingum í þá veru og að gagnrýni á evangelísk-lútherska kenningu væri útbreiddari meðal landsmanna en þeir létu uppi. Því væri aðskilnaðarmálið orðið brýnna en prestastefnan hefði talið og ástæðurnar fleiri en dugleysi presta, eins og mjög var látið liggja að í upphafi aðskilnaðar-umræðunnar (sbr. „prestamálið“). Þá kvað hann stefnubreytingar gæta hjá prestastéttinni sem lengst af hefði ekki tekið illa í aðskilnað en legðist nú gegn honum. Þá breytingu rakti hann til þess að tveimur árum áður (1907) hefði prestum tekist að tryggja sér föst laun frá ríkinu og taldi þá nú vilja standa vörð um nýbætt kjör sín. Einnig gagnrýndi hann presta fyrir að treysta Alþingi ekki lengur fyrir málum sínum og kirkjunnar heldur vilja fá kirkjuþing út af fyrir sig. Loks taldi hann ámælisvert að prestastefnan krefðist aukinna opinberra fjármuna kirkjunni til handa, vildi of mikið sjálfðæmi um skilnaðarkjör sín ef til aðskilnaðar kæmi og krefðist að of mikinn meirihluta þyrfti til að knýja fram aðskilnað í sérstakri þjóðaratkvæðagreiðslu eða 3/5 hluta atkvæða.¹²² Prestastefnan á Þingvöllum hafði einmitt krafist þess að málið yrði borið undir atkvæði allra 15 ára og eldri og aðskilnaður því aðeins gerður að fyrrgreindur meirihluti væri honum fylgjandi.¹²³ Í þessum kröfum var horft til reynslunnar af atkvæðagreiðslu 1908 um bann við sölu áfengis en þá höfðu eingöngu karlar með kosningarétt fengið að greiða atkvæði. Rúm 75 prósent neyttu atkvæðaréttar síns og um 60 prósent greiddu atkvæði með banni.¹²⁴ Kvað „A.B.“ skilmála prestanna við aðskilnað vera þessa:

Ríkið á ekki að fá einn eyri af þeim eignum, sem það, að fróðra manna sögn, hefir eignast eftir kaþólsku kirkjuna og lánað síðan eftirkomanda hennar, í sinni þjónustu og sambandi við sig.¹²⁵

Hér vísaði „A.B.“ sýnilega til skrifna „L.“ í *Þjóðviljanum*.

Í næsta tölublaði brást ritstjóri *Ísafoldar*, Einar Kvaran, hart við skrifum „A.B.“ þótt hann veldi að birta bréf hans til að efla umræðuna. Taldi hann aðdróttanir bréfitara um harðdrægni presta í launamálum fráleitar. Áleit hann þá hafa átt heimtingu á kjarabótum og hefðu þeir ekki átt annars úrkosti en sækja þær innan þjóðkirkjunnar þar sem ráðherra, Hannes Hafstein, hefði verið algerlega mótfallinn fríkirkjufyrirkomulagi 1907 og hann var því einnig andsnúinn á þingi 1909, einn Heimastjórnarmanna.¹²⁶ Einar taldi óskina um kirkjuþing heldur ekki stafa af valdafíkn presta, þeir hefðu einfaldlega talið sambandi kirkjunnar við ríkið óhaganlega fyrir komið og viljað láta verða sem mestan „andlegan arð“ af kirkjunni.¹²⁷ Til þess

¹²¹ „Ríkiskirkju-ranglætið“, *Frækorn* 12:2/1911, bls. 16. Sjá Frumvarp til laga um viðauka við gildandi lagafyrirmæli um utanþjóðkirkjumenn, *Alþingistíðindi* A, 1911, bls. 183–186. Frumvarpið var fellt.

¹²² A.B., „Hvert stefna prestarnir?“, *Ísafold* 31. júlí 1909, bls. 194.

¹²³ Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju á öndverðri 20. öld: Umræður um aðskilnað og sjálfstæða þjóðkirkju á almennu prestastefnunum 1909–1910“, bls. 66–67.

¹²⁴ Hjalti Hugason, „Þjóðkirkjan og þjóðmálin: Hugleiðingar um þátttöku kirkjunnar í umræðum um félagsleg álitamál“, *Ritvöð Guðfræðistofnunar* 37/2013, bls. 113–151, hér 126–127.

¹²⁵ A.B., „Hvert stefna prestarnir?“, bls. 194.

¹²⁶ *Alþingistíðindi* BII, 1909, d. 1888. „Skilnaðarmál kirkjunnar“, *Ísafold* 4. ágúst 1909, bls. 197–198, hér 197.

¹²⁷ Sama rit, s.st.

þyrfti ýmiss konar umbætur sem margir teldu hægst að koma á með kirkjuþingi. Á hinn bóginn taldi hann að ekki hefði verið sýnt nægilega skýrt fram á raunverulega þörf fyrir þingið og áleit að markmiðum þess mætti ná að minnsta kosti jafn vel með því að efla prestastefnuna og opna hana fyrir áhugasömum leikmönnum eins og hreyft hafði verið áður. Um þetta ritaði Einar:

Og í þessu sambandi verða menn líka þess að gæta, að eigi að halda þjóðkirkjufyrirkomulaginu, eigi kirkjan að njóta þeirra miklu hlunninda og þess mikla stuðnings, sem þjóðkirkja fær að sjálfsgöðu, þá verður hún að setta sig við það, að ríkisvaldið hafi töglin og hagldirnar í málefnum hennar. Máttur hennar til þess að koma fram vilja sínum fer þá eftir því, hve mikið hún leggur til málanna af viti og sanngirni, og hve ötul og lagin hún verður á að sannfæra menn um réttmæti þess, er hún heldur fram.¹²⁸

Þá færði Einar rök fyrir að kirkjan legði enn mikið af mörkum til menningar þjóðarinnar.¹²⁹

Einar H. Kvaran vildi ekki spá fyrir um hvort þjóðkirkjufyrirkomulaginu yrði langra lífdaga audið úr þessu. Á hinn bóginn taldi hann enn vanta mikið á að málið væri nægilega undirbúið og gagnrýndi Alþingi fyrir að hafa verið fádæma óstöðugt í rásinni í málefnum kirkjunnar og að vita enn ekki sitt rjúkandi ráð í aðskilnaðarmálinu. Taldi hann að þjóðin ætti, eftir upplýsta umræðu, að fá að kjósa í friði um málið eitt og sér en ekki í tengslum við aðrar stjórnarskrárbreytingar. Þá taldi hann ekki goðgá að krefjast ríflegs meirihluta, til dæmis 3/5 hluta, því að þá væri síður hættu á að raddir kæmu fram um að endurvekja fyrri skipan en ef meirihluti væri tæpari.¹³⁰ Þess má geta að sú varð einmitt raunin varðandi bannlögin þrátt fyrir að ríflegur meirihluti hefði greitt þeim atkvæði.¹³¹

„L.“ brást við þessum skrifum Einars H. Kvaran og viðurkenndi að trúarbrögð gætu vissulega stuðlað að góðu siðferði og menningarlegum framförum og þar með gegnt gagnlegu hlutverki í samfélaginu. Hann hafnaði því á hinn bóginn enn að trú væri nauðsynlegur grunnur fyrir siðferði samfélagsins. Í aðskilnaðarmálinu beitti hann þó einkum mannréttindarökum og ritaði m.a.:

En aðskilnaður ríkis og kirkju hlýtur að vera öllum þeim mönnum áhugamál, sem unna sannsýni og réttlæti — öllum þeim mönnum, er trúfrelshugsjóninni eru fylgjandi.

Því að þjóðkirkjan er brot á jafnrétti trúarbragðanna, hún gerir einum flokki manna hér á landi, evangelísk-lúthersku kirkjunni auðveldara að afla skoðunum sínum fylgis en nokkru öðru trúarbragðafélagi. [...]

Þjóðkirkjan ríður í bága við trúfrelshugsjónina — er brot á trúfrelsinu í innsta eðli þess.

Trúin er persónulegt mál, sem ríkið á að láta afskiptalaust með öllu.¹³²

„L.“ gladdist þó yfir að *Ísafold* skyldi þrátt fyrir allt hafa snúist gegn kirkjuþingi sem meirihluti kirkjumálanefndarinnar 1904–1906, sem og prestastefnan á Þingvöllum 1909, hafði mælt með og ritstjórinn sjálfur ekki verið mótfallinn áður. Áleit hann stofnun kirkjuþings hugsanlega brjóta gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar um að löggjafarvald í landinu ætti að vera í höndum Alþingis og konungs í sameiningu.

¹²⁸ Sama rit, s.st.

¹²⁹ Sama rit, bls. 197–198.

¹³⁰ Sama rit, bls. 198.

¹³¹ Hjalti Hugason, „Þjóðkirkjan og þjóðmálin“, bls. 127–128.

¹³² L., „Ríki og kirkja“, bls. 141. Sjá og L., „Prestarnir“, bls. 129. L., „Hvað líður kirkjumálanum?“, bls. 154.

Auk þess áleit hann að ef ríkið ætti að kosta „kirkjuhald“ yrði það að hafa ótakmarkað vald til að haga því eins og það teldi best henta. Að mati hans var sjálfstæð þjóðkirkja því alveg óhugsandi en slíkt fyrirkomulag hafði löngum verið keppikefli prestastéttarinnar og er raunar enn.¹³³ Auk þess taldi hann að kenningarfrelsi sem ýmsir, m.a. fylgjendur frjálslyndrar guðfræði, héldu hátt á lofti um þessar mundir gæti alls ekki samræmst þjóðkirkjufyrirkomulagi. Þvert á móti yrði ríkið að krefjast einingar í þessu efni. Um það atriði ritaði hann:

Haldi ríkið á sinn kostnað hóp af mönnum, til þess að halda fram og efla ákveðnar trúarskoðanir. Þá verður það að heimta, að samræmi sé í kenningum þeirra allra.¹³⁴

Sjálfur leit hann þó svo á að kenningarfrelsi væri „[...] alveg lífsnauðsynlegt fyrir heilbriggt trúarlíf [...]“.¹³⁵ Einmitt þess vegna var að hans mati brýnt að skilja milli ríkis og kirkju.

„L.“ tjáði sig einnig um kröfuna um sérstaka atkvæðagreiðslu um aðskilnaðarmálið. Kvaðst hann ekki mótfallinn flestum þeim sjónarmiðum sem fram komu hjá ritstjóra *Ísafoldar* en taldi þó ekki málefnalegt að krefjast sérstakrar atkvæðagreiðslu um þetta eina mál nema því aðeins að efnt yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu um öll „meiriháttar löggjafarmál“ í framtíðinni.¹³⁶ Taldi hann að í kosningum um þjóðkirkjuákvæðið yrði að fara eftir því sem almennt gildi um kosningar í landinu. Þó sagði hann:

[...] sannast að segja virðist mér, að það sé ekki nokkurt mál þar sem jafn ábyrgðarlítið sé að láta lítinn meiri hluta ráða úrslitum, sem einmitt þetta skilnaðarmál, því að þjóðkirkjufyrirkomulag er ekkert annað en misbeiting þess meiri hluta, er til hennar telst, á valdi sínu.¹³⁷

Loks leit „L.“ svo á að Björn Jónsson ráðherra hlyti að vera fylgjandi aðskilnaði þar sem hann hefði ekki lýst því yfir að hann gæti ekki orðið við þeirri ályktun neðri deildar Alþingis að landstjórnin hæfi undirbúning að aðskilnaðarfrumvarpi.¹³⁸ Afstöðu sinni lýsti ráðherra raunar svo á þingi að hann væri sammála meginstefnu ályktunarinnar, að málið væri eitt af „stórmálum þjóðarinnar“ og fengi bestan undirbúning með skipun millipínganefndar sem þó gæti vel þurft meira en tvö ár til vinnu sinnar. Þá væri hann fylgjandi því að leita atkvæða um málið í almennri atkvæðagreiðslu þar sem þjóðin væri enn ekki búin að móta sér skoðun um hvernig aðskilnaður skyldi framkvæmdur í einstökum atriðum „[...] þó að hugsjónin sjálf kunni að vera orðin nokkuð almenn hér á landi.“¹³⁹

Grundvallarsjónarmið „L.“ í skilnaðarmálinu var að þjóðkirkjufyrirkomulag væri ranglátt gagnvart einstaklingunum, kirkjunni sjálfri og kristindóminum. Taldi hann að ríkisvaldið færi út fyrir valdsvið sitt er það setti lög á sviði trúmála vegna þess að þar væri um persónulegt svið að ræða sem væri ríkinu óviðkomandi. Þá væri og ranglátt að heimta gjöld til þjóðkirkjunnar af mönnum sem teldu jafnvel kenningu

¹³³ Sjá Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju á öndverðri 20. öld: Umræður í prestastétt 1911–1916“, bls. 96–109.

¹³⁴ L., „Ríki og kirkja“, bls. 141.

¹³⁵ Sama rit, bls. 141–142.

¹³⁶ Sama rit, bls. 142. Sjá og L., „Prestarnir“, bls. 129.

¹³⁷ L., „Ríki og kirkja“, bls. 142.

¹³⁸ Sama rit, s.st.

¹³⁹ *Alþingistíðindi* BII, 1909, d. 1887–1888.

hennar háskalega villu.¹⁴⁰ Þetta voru hvort tveggja rök sem þegar voru búin að festa sig í sessi í umræðunni. *Frækorn* tóku undir með „L.“ um að í Þjóðkirkjufyrirkomulaginu fælist ranglæti gagnvart kirkjunni þar sem „[...] alls konar þvingun laga og yfirvalda [...]“ væri andstæð kristindóminum og ynnu honum aðeins ógagn. Östlund ritstjóri yfirfærði þar með röksemdafærslu „L.“ yfir á guðfræðilegt og/eða trúarlegt svið. Þá taldi blaðið einnig að trúfrelsi væri hér aðeins í orði kveðnu meðan utanþjóðkirkjufólki væri skylt að greiða „naudungargjald“ til kirkjunnar.¹⁴¹

Vegna þess hve viðamikil skrif „L.“ voru um þetta leyti er freistandi að geta sér til um hver staðið hafi að baki skammstöfuninni. Allt bendir til þess að það hafi verið Lárus H. Bjarnason sem um þessar mundir var forstöðumaður Lagaskólans og konungkjörinn þingmaður. Byggist tilgátan á því að röksemdafærsla „L.“ vitnar um góða lögfræðipekkingu og að skoðanir sem fram koma í greinunum koma vel heim og saman við viðhorf Lárusar í kirkjumálanefndinni fáum árum áður. Það sem helst mælir á móti þessari tilgátu er að greinarnar birtust í *Þjóðviljanum* sem var helsta mál gagn Sjálfstæðisflokksins eldri undir ritstjórn Skúla Thoroddsen en Lárus var einn af helstu forystumönnum Heimastjórnarflokksins. Þess ber þó að gæta að aðskilnaðarmálið var þverpólitískt eins og fram hafði komið í meðförum neðri deildar Alþingis á því 1909. Þyngra vegur þó að í minnihlutaáliti sínu í skýrslu kirkjumálanefndarinnar 1906 hafði Lárus litið svo á að sanngjarnt gæti talist að samfelld, lúthersk fríkirkja sem myndaðist í landinu eftir aðskilnað héldi fornum kirknaeignum sem veganesti. Tilgátan gerir því ráð fyrir að Lárus hafi tekið róttækari afstöðu í þessu efni þegar frá leið. Kann það svo aftur að skýra hvers vegna hann skrifaði greinar sínar í *Þjóðviljann*, blað Skúla Thoroddsen sem aðhylltist sömu skoðun og „L.“ boðaði.

Skagfirðingar kveða sér bljóðs

Haustið 1910 birti „E.P.“, þ.e. Erlendur Pálsson (1856–1922) verslunarstjóri í Grafarósi á Höfðaströnd, grein í *Norðurlandi* þar sem hann reifaði aðskilnaðarmálið og mælti með skjótri lausn þess. Benti hann á að drátturinn sem orðið hefði á málinu þrátt fyrir þingsályktun frá árinu áður stafaði af því að hvorugur stjórnmalaflokkur landsins, Heimastjórnarflokkurinn eða Sjálfstæðisflokkurinn (eldri), þyrði að taka málið upp vegna ótta við að prestastéttin snerist gegn honum. Sjálfur leit Erlendur svipað á málið og „A.B.“ hafði gert í *Ísafold* árið áður, sem sé að prestunum hefði tekist að tryggja sér hagfelld kjör á kostnað safnaðanna og ríkisins þrátt fyrir að skyldur þeirra hefðu dregist stórum saman er ýmsum verkefnum hefði verið létt af þeim. Má þar einkum nefna víðtækar skyldur á sviði fræðslumála. Prestana kvað hann svo vera í óða önn að afla sér ýmiss konar launaðra aukastarfa, ekki síst vegna verkefnaleysis á vettvangi kirkjunnar. Hér ýfði hann því „prestamálið“ gamla upp undir nýjum formerkjum. Þá varaði hann við hugmyndum um kirkjuþing, hvort sem því væri einungis ætlað að vera ráðgefandi eða hafa meiri völd.¹⁴²

¹⁴⁰ L., „Hvað líður kirkjumálanum?“, bls. 154. Sjá „Aðskilnaður ríkis og kirkju“c, bls. 114.

¹⁴¹ Sama rit, s.st.

¹⁴² E.P., „Hugleiðingar um kirkjumálið: Ríkiskirkja. Fríkirkja“, *Norðurland* 10:37/1910, bls. 146–147. Sjá og E.P., „Þjóðkirkja. — Fríkirkja“, *Norðurland* 10:51/1910, bls. 199–200.

Erlendur leit svo á að kirkjumál landsins yrðu ekki leidd til lykta til langframa eftir löggjafarleiðinni sem hann taldi að hefði enn ekki tryggt söfnuðum neitt verulegt sjálfræði eða nauðsynlegt svigrúm gagnvart prestunum. Um þessa aðferð til að þróa þjóðkirkjuskipanina í landinu sagði hann að „þvingunarlögum“ væri dembt á söfnuðina með ýmiss konar fyrirskipunum sem þeir yrðu auðvitað að hlýða eins og öðrum landslögum þótt það gæti reynst torvelt. Til dæmis benti hann á að sóknarnefndum reyndist víða erfitt að gegna hlutverki sínu eins og fram kom í þessum orðum:

Og sóknarnefndirnar, — hvað gera þær? Þær streitast við að láta ekki refsivönd laganna ná til sín. Annað eða meira gera þær ekki. Áhugi í kirkjumálum alls enginn, en óánægja mikil og almenn.¹⁴³

Taldi Erlendur enga von til að „bróðurleg, heillarík og ávaxtasöm“ samvinna gæti tekist með prestum og söfnuðum innan vébanda ríkiskirkjunnar.¹⁴⁴ Því taldi hann að vinda þyrfti bráðan bug að því að koma á algerum aðskilnaði ríkis og kirkju. Tveimur árum síðar (1912) vændi Erlendur presta svo um að gera málstað aðskilnaðarmanna tortryggilegan með því halda ranglega fram við sóknarbörn sín, einkum gamalmenni og aðra er ekki væru vel upplýstir, að þeir hefðu snúið baki við trú þjóðkirkjunnar og gengið villutrú á hönd.¹⁴⁵

Ritstjóri *Norðurlands*, Sigurður Hjörleifsson [Kvaran] (1862–1936), læknir á Akureyri og þingmaður, kynnti Erlend Pálsson sem „mjög merkan leikmann“ án þess þó að rjúfa nafnleynd hans og kvað hann vissulega hafa mikið til síns máls auk þess sem hann lýsti vel meginsjónarmiðum margra sem vildu aðskilnað. Á hinn bóginn varaði Sigurður við skjótri lausn aðskilnaðarmálsins til dæmis á næsta þingi og án sérstakrar þjóðaratkvæðagreiðslu. Kvað hann málið enda vel fallið til almennrar atkvæðagreiðslu og taldi Alþingi ekki geta látið hjá líða að efna til hennar ef eftir því yrði leitað á þingmálafundum eða öðrum gildum vettvangi. Þá áleit hann þjóðkirkjumenn ekki geta verið á móti slíkri kosningu ef þeir tryðu á málstað sinn. Loks taldi hann óljóst hvor flokkurinn, aðskilnaðarmenn eða þjóðkirkjusinnar, græddi á að atkvæðagreiðslan drægist.¹⁴⁶

Björn Jónsson (1858–1924) á Miklabæ í Blönduhlíð svaraði Erlendi í Grafarósi í tveimur ýtarlegum greinum í *Norðurlandi*. Í þeirri fyrri andmælti hann helstu röksemdum Erlendar fyrir aðskilnaði. Lagði Björn áherslu á að almennt bág kjör presta, sem hefðu þó verið misjöfn eftir prestaköllum, hefðu verið óviðunandi. Breytingarnar sem gerðar voru með lögum um laun sóknarpresta 1907 og lögum um nr. 40/1909 um sóknargjöld hefðu því ekki verið til komnar vegna ágirndar presta enda ekki verið gerðar að frumkvæði þeirra sjálfra. Þá taldi hann að breytt lög um skipan kirkju- og safnaðarmálefna yllu því að nú væri nálega allt kirkjulegt vald í höndum safnaðanna sjálfra.¹⁴⁷ Björn leit því svo á, andstætt Erlendi og öðrum aðskilnaðarmönnum, að löggjafarleiðin hefði einmitt reynst vel til að þróa hér þjóðkirkju á

¹⁴³ E.P., „Hugleiðingar um kirkjumálið“, bls. 146.

¹⁴⁴ Sama rit, bls. 147.

¹⁴⁵ E.P., „Prestastefnan á Hólum 1912: Prestur forfallaður. Biskupinn yfir Íslandi“, *Norðurland* 12:54/1912, bls. 202–203, hér 202.

¹⁴⁶ [Án titils], *Norðurland* 10:37/1910, bls. 147.

¹⁴⁷ Björn Jónsson, „Um kirkjumálin“, *Norðurland* 10:40/1910, bls. 157–158. B.J. var framsögumaður um aðskilnaðarmálið á fundi presta í hinu forna Hólastifti sumarið 1911. „Prestafundur hins forna Hólastiftis“, *Vísir* 14. júlí 1911, bls. 47. Hafa greinaskrif hans um efnið ugglaust ráðið þar miklu um. *Sjórartíðindi* 1909, bls. 202–209.

grundvelli stjórnarskrárinnar. Þá vændi hann Erlend um lýðskrum er hann ræddi um vald í höndum klerka. Taldi Björn hättara við að vald flyttist í þeirra hendur í fríkirkju en þjóðkirkju þótt hann teldi klerkavald naumast geta orðið mjög hættulegt þar heldur.¹⁴⁸

Björn leit svo á að það sem raunverulega ylli því að prestar væru taldir gagnslausir í samfélaginu, eins og ýmsir hefðu haldið fram, væri að menn vanmætu undirbúning predikunarinnar og annarra prestsstarfa. Þá taldi hann að þessi gagnrýni stafaði ekki síður af því að trúarafstaða fólks og væntingar til kirkjunnar hefðu breyst í kjölfar þeirra miklu hugarfarsbreytinga sem orðið hefðu á síðari hluta 19. aldar og kirkjan hefði ekki náð að bregðast við. Björn áleit því mikið skorta á að fólk fengi svör við spurningum sínum í guðsþjónustunni eða kæmi sér að því að tala við prest sinn einslega um vangaveltur sínar og efasemdir. Því hallaðist hann að því að gera þyrfti auknar kröfur til presta til að tryggja að þeir væru starfi sínu vaxnir. Loks vék Björn að aðskilnaðarmálinu og þá einkum til að gagnrýna röksemdafærslu Erlendar Páls-sonar. Björn benti í því sambandi á að öll kirkjuleg löggjöf undangenginna áratuga hefði miðað að því að færa kirkjuna í „lýðveldisform“. Hann skildi því ekki hvernig þróunin ætti að hafa gert illt verra, kirkjulöggjöfin að vera „þvingunarlög“ né hver lausn fælist þá í að ganga enn lengra í þessa sömu átt með því að koma hér á fríkirkju. Þá fannst honum líka torskilið hvers vegna Erlendur væri svo eindregið á móti kirkjuþingi þar sem slík samkoma væri óhjákvæmileg í fríkirkju ef ekki ætti aðeins að vera um einstaka, óháða söfnuði að ræða eftir aðskilnað við ríkið. Markmiðið með kirkjuþingi væri einmitt að skapa vettvang til að betur væri hægt að fjalla um kirkjumál. Þar sem leikmenn ættu ekki síður að sitja á kirkjuþingi en prestar væri það einnig skref í lýðræðisátt. Björn benti á að Erlendur og margir aðrir teldu aðskilnað ekki aðeins mikilvægan vegna trúfrelsisins og þeirra er staðu utan kirkju heldur væri hann einnig hollur kirkjunni. Sjálfur hafnaði hann því aftur á móti fyrir sína parta að aðskilnaður væri rétt leið til að efla kirkjuna. Til þess þyrftu innri breytingar að koma til, þ.e. heilsusamlegar vakningar trúarlífsins.¹⁴⁹ Minnir sú afstaða á álit Jóns Helgasonar frá því skömmu fyrir aldamótin 1900 (sjá framar). Afstöðu sinni til aðskilnaðar lýsti Björn á Miklabæ svo:

Mín ætlan er sú, að það fyrirkomulag, sem vjer höfum nú á kirkjumálum vorum sje svo frjálstlegt að vilji safnaðanna geti alstaðar komið fram og ráðið úrslitum kirkjumálanna, og að með því sje gefið tilefni til svo nánnar samvinnu milli prests og safnaðar, sem hægt sé að gefa með lögum. Jeg sje ekki, að það gæti orðið nánara í fríkirkju, [...]¹⁵⁰

Björn virðist því hafa litið svo á að markmiðum stjórnarskrárinnar um þjóðkirkju hafi verið náð eftir löggjafarleiðinni og að aðskilnaður væri þess vegna óþarfur. Einnig taldi hann þjóðkirkju betur hæfa en fríkirkju til að þjóna þjóðinni í jafn strjálbýlu og fátæku landi sem Ísland væri. Þá hefði reynslan sýnt að fríkirkjur væru

¹⁴⁸ Björn Jónsson, „Um kirkjumálin“, bls. 157. Jónmundur Halldórsson (1874–1954) sem þá þjónaði Barði í Fljótum var í verslunarrekstri og síðar í forystu fyrir kaupfélagi á svæðinu. Sjá E.P. „Prestastefnan á Hólum 1912“, bls. 202–203. Vændu ýmsir Erlend um að barátta hans í skilnaðarmálinu væri fyrst og fremst sprottin af samkeppni þeirra. Margir sóknarmenn, „Norðan úr Fljótum“, *Lögretta* 8:15/1913, bls. 55–56.

¹⁴⁹ Björn Jónsson, „Um kirkjumálin II“, *Norðurland* 10:42/1910, bls. 165–166, hér 165.

¹⁵⁰ Sama rit, s.st.

„þröngsýnni“ en Þjóðkirkjan. Hann áleit þó að auka þyrfti kenningarfrelsi til að kirkjan gæti rækt hlutverk sitt í samtímanum.¹⁵¹

Að svo búnu vék Björn að þeirri skoðun sem algeng var í umræðunni, eins og fram hefur komið, að trúmál væru einkamál og ríkið ætti ekki að skipta sér af þeim. Þetta áleit hann vera rangt. Sökum þess að ríkið teldi sér skylt að stuðla að því að borgararnir væru „góðir menn“ og vegna þess hve trúarskoðanir og siðferðis-hugmyndir fólks væru nátengdar taldi hann að ríkið gæti ekki verið „trúlaust“. Hann áleit því að ríkisvaldið ætti einmitt að stuðla að því að trúarhugsjónir borgaranna væru fagrar og göfugar. Því gæti Þjóðfélagið aldrei látið sig trúmálin litlu skipta.¹⁵² Var hann þar inni á svipuðum brautum og Þorvaldur Bóðvarsson hafði verið í upphafi aðskilnaðarumræðunnar. Ályktunarorð Björns voru þessi:

Fyrir mjer horfir málið þannig við: Það mundi aðeins tefja fyrir eðlilegri framþróun trúarlífsins í íslenzku kirkjunni, að fríkirkja kæmist nú þegar á. Söfnuðirnir þurfa að fá tíma til þess að læra að stjórna safnaðarmálum og fyrirkomulagið eins og það er nú, gefur þeim hið bezta tækifæri á því. Í rauninni hafa þeir nú allan veg og vanda af kirkjumálunum, því engin ástæða er til þess að álíta, að þingið mundi setja sig upp á móti þeim umbótum í kirkjumálum, sem söfnuðirnir hafa fram á safnaðarfundum og hjeraðsfundum, og vilji söfnuðirnir fá enn betri tryggingu fyrir yfirráðum sínum yfir kirkjumálum og koma á meiri samvinnu milli safnaðanna í Þjóðkirkjunni yfirleitt, þá er að fá ráðgefandi kirkjuþing, sem væri sambandsliður milli allra safnaða landsins.¹⁵³

Björn á Miklabæ var því eindreginn fylgjandi löggjafarleiðarinnar sem hann taldi að hefði gefist vel og að söfnuðirnir þyrftu að fá meiri tíma til að starfa eftir þeim lögum sem sett höfðu verið á grundvelli hennar. Sú skipan sem komin væri á Þjóðkirkjuna gæti því verið góð æfing undir fríkirkjufyrirkomulag í framtíðinni. Var hann þar inni á svipuðum brautum og Hálfðan Guðjónsson hafði verið á Alþingi 1909. Þó áleit hann mikilvægt að halda áfram á sömu braut og auka svigrúm safnaðanna. Þá taldi hann miklu skipta að prestastétt landsins væri vel menntuð og upplýst um kirkjulíf í öðrum löndum. Það myndi leiða til heilbrigðrar vakningar meðal safnaðanna. Loks taldi hann mestu skipta að menn áttuðu sig á að „evangelíum Jesú“ ætti enn erindi til fólks og að ekki væri sama, hvernig það væri boðað.¹⁵⁴ Í heild má segja að málflutningur Björns hafi verið á kirkjulegum nótum og að markmið hans hafi verið að efla kirkjuna en hvorki að standa vörð um trúfrelsi né að vinna að aðskilnaði.

Erlendur Pálsson brást við greinum Björns á Miklabæ nokkru síðar og lagði þá áherslu á að það væri ekki fyrst og fremst menntun sem prestana skorti heldur miklu frekar helgun í starfi. Það sem vantaði væri „[...] áhuginn og alúðin og sívaxandi starfsemi og skyldurækni [...]“ sem prestarnir mættu síst án vera.¹⁵⁵ Þá benti hann á að með „þvingunarlögum“ í fyrri grein sinni hefði hann átt við kirkjulöggjöfina frá 1907 en allri vissu að hún hefði orðið til fyrir þrábeiðni presta sem hefðu einnig verið í meirihluta í kirkjumálanefndinni sem samdi frumvörpin sem lágu lögnum til grundvallar. Einnig kvað hann lögin um sóknargjöldin frá 1909 óvinsæl en þau væru bein afleiðing af lögnum frá 1907 þótt prestar hefðu ekki átt sérstaka aðild

¹⁵¹ Sama rit, s.st.

¹⁵² Sama rit, bls. 166.

¹⁵³ Sama rit, s.st.

¹⁵⁴ Sama rit, s.st.

¹⁵⁵ E.P., „Þjóðkirkja. — Fríkirkja“, bls. 199.

að þeim. Þá taldi Erlendur að valdatilfærslan frá prestum til safnaða sem Björn hefði gert að umtalsefni væri í raun ekki annað en að verkefni sem prestar hefðu viljað sleppa við hefðu verið færð yfir á sóknarnefndir án þess að þær hefðu fengið rönd við reist.¹⁵⁶ Hér átti hann ekki síst við innheimtu sóknargjaldanna en lögin frá 1909 voru ekki síst óvinsæl vegna þess að með þeim var sóknarnefndum gert að skyldu að innheimta þau.¹⁵⁷ Erlendur hélt því fast við fyrri afstöðu sína:

Nei, það er aðskilnaður ríkis og kirkju, sem úr þessu getur bætt, og ekkert annað. Hér þurfa að komast að samningar með prestum og söfnuðum, frjálsir samningar en engin valdbod og engin einkaréttindi, á hvoruga hlið. Frjálsir samningar skapa báðum aðilum nauðsynlegt aðhald.¹⁵⁸

Greinarhöfundur sem kallaði sig „sóknarnefndarmann“ brást einnig við skrifum Erlendar Pálssonar í *Norðurlandi* og var honum sammála um að brýn þörf væri á að slíta sambandi ríkis og kirkju. Ræddi hann um óvandaða meðferð ýmissa kirkjulegra frumvarpa á Alþingi og leit svo á að „þvingunarlögin“ sem Erlendur hafði rætt um væru t.d. lögin um sóknargjöld frá 1909 sem skylduðu sóknarnefndir til að innheimta gjöld til bændakirkna ekki síður en annarra kirkna. Þær væru aftur á móti margar hverjar svo vel stæðar að eigendurnir vildu ekki eftirláta þær söfnuðunum á grundvelli laga um umsjón og fjárhald kirkna sem nú voru orðin tæplega þriggja áratuga gömul.¹⁵⁹ Þá varaði hann eindregið við hugmyndum um kirkjuþing sem væru nú komnar á skrið að nýju þótt ekki væri ljóst hvert vald þess ætti að vera.¹⁶⁰ Því næst kom „sóknarnefndarmaðurinn“ inn á þá kröfu prestastefnunnar 1909 að kosið yrði sérstaklega um aðskilnaðarmálið í almennum kosningum. Kvað hann það skjóta skökku við að sú mikla breyting sem gerð var á kirkjuskipaninni 1907 hefði ekki verið borin undir þjóðina. Þá hefði þó ýmsu verið breytt sem tíðkast hefði allt frá fyrsta skeiði kirkju í landinu að hans áliti og átti hann með því að líkindum ekki síst við byltinguna á launakerfi prestanna. Taldi hann, svipað og Erlendur Pálsson hafði gert, að ástæðan fyrir áhuga margra á sérstökum kosningum nú væri að prestar hyggðust vinna að því að söfnuðir þeirra kysu gegn aðskilnaði.¹⁶¹ Áleit hann andstöðu presta við aðskilnað stafa af ótta við tekjuskerðingu og atvinnumissi. Kvað hann hvort tveggja óþarft þar sem aðskilnaðarmenn vildu hafa presta áfram, jafnvel sömu presta og þegar væru starfandi, og meira að segja gera vel við þá. Aftur á móti vildu þeir hafa af prestunum fullt gagn.¹⁶²

¹⁵⁶ Sama rit, s.st. Sjá Hjalti Hugason, „Félagsgjöld eða ríkisframlag? Eðli og þróun sóknargjalda“, *Ritroð Guðfræðistofnunar* 44/2017, bls. 33–57, hér 44–45, *ojs.hi.is*, sótt 30. nóvember 2017 af <https://ojs.hi.is/ritrodegudfraedistofnunar/article/view/2627/1418>.

¹⁵⁷ *Sjórnartíðindi*, 1909, bls. 202, 203, 206, 207. Hjalti Hugason, „Félagsgjöld eða ríkisframlag? Eðli og þróun sóknargjalda“, bls. 33–57, hér 44–45, *ojs.hi.is*, sótt 30. nóvember 2017 af <https://ojs.hi.is/ritrodegudfraedistofnunar/article/view/2627/1418>.

¹⁵⁸ E.P., „Þjóðkirkja. — Fríkirkja“, bls. 199.

¹⁵⁹ Sóknarnefndarmaður, „Niður með þjóðkirkjuna! Upp með fríkirkjul“, *Norðurland* 12:1/1912, bls. 2. Lögin kváðu raunar á um að gjöld til bændakirkna skyldi greiða forráðamanni þeirra (kirkjueiganda eða umboðsmanni hans) sem þó væri heimilt að fela sóknarnefnd innheimtuna gegn sömu launum (6% af upphæðinni) og sóknarnefndum bar þar sem þær fóru með umsjón kirkna. Ekki var tekið fram að nefndirnar gætu skorast undan hlutverkinu. *Sjórnartíðindi* 1909, bls. 205, 207.

¹⁶⁰ Sóknarnefndarmaður, „Niður með þjóðkirkjuna!“, bls. 2.

¹⁶¹ Sama rit, s.st.

¹⁶² Sama rit, s.st.

Á árunum 1911–1914 kom á þingmálafundum víða um land fram mikill áhugi fyrir aðskilnaði og var þar einkum farið fram á að losað yrði um stjórnarskrárákvæðið um þjóðkirkjuna á þann hátt að breyta mætti því með lögum. Hefur mönnum sýnilega verið orðið ljóst að aðskilnaður yrði ekki gerður í einni atrennu og þeir viljað gera hann auðveldari er tækifæri myndaðist til að stíga skrefið til fulls.¹⁶³

Um þingtímann 1914 fjallaði *Heimskringla* í Winnipeg um aðskilnað ríkis og kirkju hér á landi en blaðið var þeirrar skoðunar að aðeins lítill hluti þjóðarinnar væri honum fylgjandi. Þá áleit blaðið að þrátt fyrir að margir létu að því liggja að það væri kirkjunni fyrir bestu að vera leyst undan oki ríkisins væri hin raunverulega ástæða fyrir aðskilnaðaráhuganum sú að menn vildu kirkjuna burt, þótt af mismunandi ástæðum væri. Sumir þeirra væru vissulega ósammála kirkjunni um hina lögboðnu trúarlærdóma en aðrir vildu aðeins losna við „kyrkju-tíundina“, þ.e. sóknargjöldin.¹⁶⁴ Hér var því haldið fram svipuðum sjónarmiðum og Þorvaldur Bøðvarsson hafði haldið fram í upphafi umræðunnar, sem sé að aðskilnaðaráhuginn ætti sér oftast upphaf í andúð á kirkjunni (sjá fyrri grein).

Heimskringla leit svo á að hin eiginlegi vandi þjóðarinnar í kirkjumálunum væri sá að kirkjan væri hætt að vera leiðbeinandi „[...] í menningaráttina, í upplýsingaráttina, í siðferðisáttina, og það, sem lakast er af öllu, í trúmálunum sjálfum.“¹⁶⁵ Þá taldi blaðið kirkjuna ekki flytja mál sitt á nægilega mynduglegan hátt þar sem hún væri bundin að lögum „[...] við bókstafsjátningar horfningar aldar [...]“ en hefði sjálf aðlagð sig nýjum hugsunarhætti.¹⁶⁶ Var blaðið þeirrar skoðunar að tilraunir til að styrkja stöðu íslensku kirkjunnar við þessar nýju félags- og menningarlegu aðstæður hefðu ekki miðað að því að veita henni það frelsi sem hún þyrfti til að gegna áfram hefðbundnu hlutverki sínu heldur hefði henni verið breytt í „[...] skrifstofudeild verslega valdsins, — í jarðyrkjumáladeild.“¹⁶⁷ Hér var augljóslega skotið föstum skotum að biskupi landsins, Þórhalli Bjarnarsyni, en hann var ötull bóndi í Laufási við Reykjavík og einn helsti forystumaður Búnaðarfélags Íslands.¹⁶⁸ *Heimskringla* var þeirrar skoðunar að kirkjan ætti ekki að skilgreina hlutverk sitt og „notagildi“ út frá verkefnum sem væru henni framandi heldur væri tilveruréttur kirkjunnar fólgin í köllun hennar og eðli, sem og þeirri hugsjón sem lægi henni til grundvallar.¹⁶⁹ Áleit blaðið að sömu rök gætu gilt um aðskilnað kirkju og ríkis og fyrir aðgreiningu ríkis og fræðslustofnana sem það taldi gagnlega til að þær næðu þeim framförum sem

¹⁶³ „Stykkishólmsfundurinn“, *Ísafold* 1. febrúar 1911, bls. 16. Sjá þó „Þingmálafundur í Stykkishólmi [Niður]“, *Reykjavík* 12:6/1911, bls. 23, þar sem segir að málið hafi verið tekið af dagskrá eftir stutta umræðu. „Aðskilnaður ríkis og kyrkju“, *Frækorn* 12:2/1911, bls. 16. Kaflar úr bréfum nokkurra presta sem *Bjarni* birti fyrri hluta árs 1911 sýna að aðskilnaðarmálið hefur verið mikið rætt víða um land og átt miklu fylgi að fagna. „Úr ýmsum áttum“, *Bjarni* 5:8/1911, bls. 62–63. „Alþingi“, *Þjóðólfrur* 24. febrúar 1911, bls. 29. [Án titils], *Lögretta* 8:33/1913, bls. 122. „Fundargjörð“, *Austri* 4. apríl 1914, bls. 45. „Fundargjörð“, *Austri* 9. apríl 1914, bls. 47. „Þingmálafundur. Úr Norður-Þingeyjarsýslu“, *Ingólfur*, 12:26/1914, bls. 103. „Fundargerð“, *Íslendingur* 1:11/1915, bls. 43. Sjá og „Þingmálafundur í Borgarfirði eystra“, *Ingólfur* 13:16/1915, bls. 62. „Þingmálafundur Norðmýlinga“, *Ísafold* 19. júní 1915, bls. 1.

¹⁶⁴ „Aðskilnaður ríkis og kyrkju á Íslandi [svo]“, *Heimskringla* 6. ágúst 1914, bls. 4–5.

¹⁶⁵ Sama rit, bls. 4.

¹⁶⁶ Sama rit, s.st.

¹⁶⁷ Sama rit, s.st.

¹⁶⁸ Óskar Guðmundsson, *Brautryðjandinn. Ævisaga Þórhalls Bjarnarsonar 1855–1916*, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2011, bls. 185–202.

¹⁶⁹ „Aðskilnaður ríkis og kyrkju á Íslandi [svo]“, bls. 4.

samtíðin krefðist. Þar fyrir utan þyrfti ríkið ekki að kasta þessum stofnunum fyrir borð. Hitt væri brýnna að skilja kirkjuna frá Búnaðarfélagi Íslands!¹⁷⁰ Með aðgreiningu fræðslustofnana frá ríkinu á blaðið við breytinguna sem gerð var með fræðslulögunum 1907 er fræðslumál á hverjum stað voru falin kjörnum skólanefndum.

Samkvæmt *Heimskringlu* var aðskilnaðarmálið eitt mikilvægasta úrlausnarefnið sem þjóðin stóð frammi fyrir og taldi blaðið að afleiðingar aðskilnaðar lægju engan veginn ljósar fyrir. Áleit það að breytingar á stöðu kirkjunnar ættu ekki fyrst og fremst að liggja í átt til aðskilnaðar heldur til aukinnar stofnunarlegrar aðgreiningar kirkjunnar frá ríkinu og aukins sveigjanleika innan hennar. Taldi það að veita bæri prestum fullt kenningarfrelsi og söfnuðum fullt sjálfstæði sem fæli ekki aðeins í sér kosningarétt heldur og uppsagnarrétt gagnvart prestum. Kenningarfrelsið taldi blaðið síðan hafa víðtækari afleiðingar á sviði prestsmenntunar:

Með kenningarfrelsinu verður að koma óhlutdræg almenn uppfræðsla í trúfræði og heimspeki við háskólann. Sér-trúarblærinn verður að hverfa. Ef kend eru höfuðsannindi trúarinnar, en ekki leitast við að fylgja vissri sér-trúarstefnu, eru kennimenn fyrst fyllilega undirbúnir það starf, sem þeir eiga af hendi að leysa innan frjálsrar kyrkju.¹⁷¹

Þetta sjónarmið kemur ekki á óvart þar sem Rögnvaldur Pétursson (1877–1940), ritstjóri blaðsins um þessar mundir, var einnig prestur únitara. *Heimskringla* hallaðist raunar að því að haldið yrði áfram á löggjafarleiðinni með því að veita söfnuðunum uppsagnarrétt yfir prestum og nema brott úr kirkjulögum „[...] öll játningar-bönd og tengslin við sérskoðanir á höfuðatriðum trúarinnar, [...]“. Jafnframt átti að gera „prestaskólann“, það er guðfræðideild Háskólans, að „vísindalegri trúfræðisstofnun“. Þar með yrði kirkjan „[...] alfrjáls ríkisstofnun, byggð á sama grundvelli og menntamálastofnanirnar, og nytsemd hennar og framför trygð fyrir alla framtíð.“¹⁷² Að þessum skilyrðum upp fylltum kvað blaðið að kirkjan gæti náð því göfuga hlutverki að verða „[...] íslenska kyrkjan, og innan hennar fengju allir Íslendingar búið, — hið mesta og besta sameiningar-afl þjóðarinnar innan lands og utan.“¹⁷³ [Leturbr. HH]. Í þessum skrifum hins vestur-íslenska blaðs er að finna eina beina dæmið frá tímabilinu sem hér er til athugunar um þann draum að til verði þjóðleg, íslensk kirkja sem gæti jafnvel sameinað alla Íslendinga austan hafs og vestan í eina trúarlega heild á játningarlega óbundnum kristnum grundvelli.

Heimskringla taldi að aðskilnaður ríkis og kirkju myndi þó fela í sér stofnunarlega afturför þar sem söfnuðirnir yrðu of vanmáttugir til að geta staðið undir rekstri sínum. Miðað við reynslu annars staðar frá, og þá ekki síst meðal Vestur-Íslendinga, taldi blaðið raunhæft að ætla að einungis helmingur þjóðarinnar mundi reynast fús til að taka þátt í kirkjustarfi eftir aðskilnað og réð þar kostnaðarþátttaka almennings úrslitum. Áleit blaðið samfélagið illa búið undir slíkan samdrátt í kirkjulífinu sökum þess hve skólar stæðu víða á veikum fótum þrátt fyrir umbótaviðleitnina sem komið

¹⁷⁰ Sama rit, s.st.

¹⁷¹ Sama rit, s.st.

¹⁷² „Aðskilnaður ríkis og kyrkju á Íslandi [svo]“, bls. 4. Á þessum tíma kom fram sú hugmynd að æskilegt væri að prestar menntuðust erlendis, t.d. í Noregi, og fengju þar með meiri kunnáttu í grísku en hægt var að öðlast hér á landi og yrðu þannig undir það búnir að taka sjálfstæðari afstöðu m.a. til nýjunga í biblíufræðum er nú voru að ryðja sér til rúms. „Úr ýmsum áttum“, bls. 62.

¹⁷³ Sama rit, s.st.

hafði fram í fræðslulögunum frá 1907. Því væri við búið að allri uppfræðslu mundi hraka stórum við aðskilnað.¹⁷⁴ Þar sem kirkjan héldi á annað borð velli yrði hún háðari hinum ríkasta og ráðríkasta í söfnuðinum. Hún mundi því ekki rísa undir því að vera „siðbótar-stofnun“ heldur verða þess í stað „páfakyrkja endurreist“.¹⁷⁵ Taldi blaðið að „*frjáls þjóðkyrkja*“ væri það sem stefna bæri að.¹⁷⁶ Þessi vestur-íslenski greinarhöfundur mælti því óhikað með að á Íslandi væri haldið áfram á löggjafarleiðinni sem fetuð hafði verið allt frá upphafi þjóðkirkjuskipanar í landinu. Byggti hann í þessu efni á eigin reynslu í Íslendingabygðunum vestanhafs.¹⁷⁷ Þarna komu sem sé fram svipaðar efasemdir um ágæti fríkirkjufyrirkomulags hér á landi og Jón Ólafsson hafði reifað áður (sjá fyrri grein). Fyrirkomulag kirkjumála í Vesturheimi var því bæði notað í aðskilnaðarumræðunni hér sem beint eftirdæmi og víti til að varast.

Frá 1909 höfðu stjórnarskrárbreytingar verið í deiglunni, fyrst að tilhlutan landsstjórnarinnar en síðar einstakra þingmanna. Einkum var stefnt að breytingum á ákvæðum um ráðherra, niðurfellingu ákvæða um konungkjörna þingmenn og rýmkuð kosningaréttar til samræmis við það sem gerst hafði í Danmörku. Engar breytingar náðu þó fram að ganga og var þar einkum um að kenna óvissu í sambandsmálinu við Danmörku.¹⁷⁸ Trúmálaréttur stjórnarskrárinnar, þ.e. ákvæðin um þjóðkirkjuna og trúfrelsið, kom hér nokkuð við sögu. Árin 1909, 1911, 1913 og 1914 var lagt til að auðveldað yrði að breyta ákvæðinu um þjóðkirkjuna. Tvær leiðir voru reyndar í því efni. Önnur fólst í að þjóðkirkjuákvæðinu yrði breytt þannig að í því yrði kveðið á um að fyrirkomulagi kirkjunnar gagnvart landsstjórninni skyldi skipað með lögum sem síðan væri hægt að breyta án þess að hrófla við stjórnarskránni. Hin fólst í að aftan við óbreytt þjóðkirkjuákvæði væri bætt nýrri málsgrein þar sem heimilað væri að breyta ákvæðinu með lögum. Varð sú leið ofan á við stjórnarskrárbreytingu sem staðfest var 1915. Fram til þess að stjórnarskrá konungsríkisins Íslands gekk í gildi 1920 var ekki kveðið á um að slíka breytingu þyrfti að staðfesta með þjóðaratkvæðagreiðslu eins og raun hefur verið á síðan.¹⁷⁹ Með breytingunni var komið til móts við þá sem auðvelda vildu breytingar eða niðurfellingu á þjóðkirkjuákvæðinu og þar með aðskilnað ríkis og kirkju.

Á ofangreindu breytingatímabili var einnig glímt við annað atriði sem verið hafði ásteytingarsteinn um nokkurt skeið og laut að trúfrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar. Var þar um að ræða rétt þeirra er stóðu utan allra trúfélaga, nánar til tekið rétt þeirra til að vera með öllu gjaldfrjálsir gagnvart þjóðkirkjunni og/eða öðrum trúarlegum félögum sem þeir fylgdu ekki að málum. Tillögur í þessa veru komu fram 1909, 1913 og 1914 og fólu þær í sér að engan mætti skylda til að inna af hendi persónuleg gjöld til guðsdýrkunar sem hann aðhylltist ekki sjálfur. Var breyting í þá veru

¹⁷⁴ Sama rit, s.st.

¹⁷⁵ Sama rit, s.st.

¹⁷⁶ Sama rit, bls. 5.

¹⁷⁷ Sama rit, s.st.

¹⁷⁸ Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja og trúfrelsi. Saga og þróun trúmálabálks stjórnarskrárinnar 1874–1995“, bls. 170–171,

¹⁷⁹ Stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands uppfærð með öllum breytingum til og með 1915 (45. gr.), *stjornarradid.is*, sótt 14. nóvember 2018 af https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/stjornarskra/1915_svo_breytt.pdf. Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja og trúfrelsi: Saga og þróun trúmálabálks stjórnarskrárinnar 1874–1995“, bls. 171, 176–177.

staðfest 1915 og þar með í fyrsta skipti tekið af skarið um „neikvætt“ trúfrelsi í landinu, þ.e. frelsi til að vera laus undan öllum trúarlegum skyldum. Samtímis var þó kveðið á um að þeir er staðu utan allra trúfélaga skyldu greiða ígildi sóknargjalda til Háskóla Íslands. Var þar með komið í veg fyrir að mögulegt væri að hafa fjárhagslegan ávinning af því að notfæra sér þetta nýfengna frelsi. Athyglisvert er að um svipað leyti var sambærilegt ákvæði fellt út úr dönsku grundvallarlögunum. Var íslenski trúmálarétturinn að því leyti íhaldssamari en sá danski.¹⁸⁰ Breytingunni var beint gegn fyrirkomulagi sem lengi hafði verið talið brjóta gegn almennum mannréttindum, þ.e. að þeir sem kusu að standa utan allra trúfélaga væru eigi að síður skyldir til að reida af hendi persónuleg gjöld til þjóðkirkjunnar.

Með stjórnarskrárbreytingunum 1915 hafði verið komið til móts við tvö baráttumál sem höfðu verið fyrirferðarmikil í aðskilnaðarumræðunni á undangengnum árum. Þar með er eðlilegt að líta svo á að kaflaskil verði í umræðunni.

Niðurstöður — fyrri og síðari grein

Með stjórnarskránni 1874 var grunnur lagður að nýjum trúmálarétti í landinu sem varða skyldi leið þjóðarinnar inn í framtíðina. Í stað ríkisátrúnaðar og skyldubundinnar aðildar þjóðarinnar að lútherskri kristni skyldi nú komið á þjóðkirkju og trúfrelsi. Langt var þó í land með að þessi trúarpólitísku markmið væru orðin að veruleika. Þróun í þá átt hófst á 9. áratugi 19. aldar er „gömlu, íslensku þjóðkirkju-skipaninni“ var komið á í áföngum með ýmsum lögum er kváðu á um aðkomu safnaða að stjórn eigin mála. Þar með komu söfnuðir í fyrsta skipti fram sem félagslegar grunneiningar kirkjunnar hér á landi með sameiginleg réttindi og skyldur. Einnig var tekið að útfæra „jákvætt“ trúfrelsi, þ.e. frelsi til að iðka trúna í samræmi við eigin samvisku. Var það gert með lögum um utanþjóðkirkjufólk.

Snemma hófust deilur um hvort markmiðum stjórnarskrárinnar um þjóðkirkju og trúfrelsi yrði náð með rýmkaðri löggjöf eða hvort leggja yrði inn á alveg nýjar brautir með því að aðskilja ríki og kirkju eða nánar til tekið hið trúarlega og veraldlega svið með því að skilgreina trúmálin sem einkamál sem ríkið ætti ekki að hafa afskipti af. Um 1880 komu fram tvær trúarpólitískar stefnur í landinu sem hér hafa verið nefndar löggjafarleiðin og aðskilnaðarleiðin. Má líta á Þórarin Böðvarsson í Görðum á Álftanesi sem helsta guðföður löggjafarleiðarinnar en Jón Ólafsson ritstjóra sem helsta hugmyndafræðing aðskilnaðarleiðarinnar. Á tímabilinu sem hér var fjallað um festist löggjafarleiðin í sessi og hefur henni verið fylgt í íslenskum trúmálarétti æ síðan. Í fyrstu munaði þar mest um tillögur millipinganeftar um kirkjumál sem starfaði á árunum 1904–1906 en meirihluti hennar aðhylltist löggjafarleiðina sem fékk síðar staðfestingu á almennum prestastefnum á Þingvöllum 1909 og Hólum ári síðar. Eftir þetta fylktu prestar sér almennt um þessa leið en áður höfðu ýmsir þeirra verið fylgjandi aðskilnaði.

¹⁸⁰ Stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands uppfærð með öllum breytingum til og með 1915 (47. gr.), *stjornarradid.is*, sótt 14. nóvember 2018 af https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/stjornarskra/1915_svo_breytt.pdf. Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja og trúfrelsi: Saga og þróun trúmálbálks stjórnarskrárinnar 1874–1995“, bls. 172–174. Frá því í kjölfar hrunsins 2008 hafa greiðslur þeirra sem standa utan trúfélaga runnið beint í ríkissjóð.

Löggjafarleiðin var vissulega íhaldssamari en aðskilnaðarleiðin. Eigi að síður var hér um framsóknarstefnu í kirkjumálum að ræða eins og einn af leiðandi guðfræðingum þjóðarinnar á öndverðri 20. öld, Sigurður P. Sívertsen, benti á. Fylgjendur hennar vildu koma hér á sjálfstæðri þjóðkirkju í áframhaldandi tengslum við ríkisvaldið. Fylgjendur stefnunnar kusu sem sé stofnunarlega aðgreiningu ríkis og kirkju í stað aðskilnaðar í trúarpólitískri merkingu. Í grunninn var löggjafarleiðin trúar- eða guðfræðileg í eðli sínu þar sem fylgjendur hennar litu almennt svo á að ríkið fengi ekki staðist og næði ekki markmiðum sínum án tengsla við kirkjuna og/eða trúna. Einnig litu þeir svo á að kirkjunni bæri að hafa áhrif á gjörvöllum sviðum mannlegs lífs og þar með helga mannlífið og stuðla að komu Guðs ríkis.

Aðskilnaðarleiðin var á hinn bóginn almennt veraldlegri en fylgjendur hennar litu svo á að ríkinu bæri að vera trúarlega hlutlaust og óháð. Af þeim sökum bæri að láta trú einstaklinga og starf trúfélaga afskiptalaust og tryggja þar með jafna stöðu allra, óháð trú. Aðskilnaðarleiðin byggðist þess vegna á markaðri sýn á eðli og hlutverk ríkisvaldsins, sem og almennum mannréttindasjónarmiðum. Í hugum aðskilnaðarmanna var því mikilvægt að tryggt væri „neikvætt“ trúfrelsi ekki síður en „jákvætt“, þ.e. að lög kvæðu á um að heimilt væri að standa utan allra trúfélaga og vera laus undan öllum skyldum við þau. Í umræðunni var þó líka haldið fram kirkjulegri rökum fyrir aðskilnaði. Fólust þau einkum í að kirkjunni væri síst til eflingar að fólk fylgdi henni að málum gegn vilja sínum, sem og að það hlyti að vera andstætt eðli kirkjunnar að vera ofurseld veraldlegu löggjafarvaldi eftir að ríkisátrúnaður hafði verið lagður af og ríkisvaldið hafði þar með orðið trúarlega óháð. Þá var og bent á að afstaða þingmanna væri orðin blendnari en verið hafði meðan játningarbundið ríkisvald var við lýði.

Í aðskilnaðarumræðunni var ekki aðeins rætt um meginlínur í trúmálapólitík, þ.e. hvort keppa bæri eftir að ná markmiðum stjórnarskrárinnar eftir löggjafar- eða aðskilnaðarleiðinni. Þar var einnig tekist á um afmarkaðri þætti svo sem fjárhags- tengsl ríkis og kirkju, sem og verkaskiptingu þessara stofnana eftir aðskilnað þeirra. Var Skúli Thoroddsen ritstjóri og alþingismaður frumkvöðull á báðum sviðum.

Eftir því sem aðskilnaðarumræðunni vatt fram festust einkum tvö atriði í sessi sem sérstakir ásteytingarsteinar sem talið var mikilvægt að ráða bót á þar sem bæði stæðu í vegi fyrir þróun mannréttinda í landinu. Annað fólst í að breytingar á þjóðkirkjuákvæði stjórnarskrárinnar væru of viðurhlutamikilar þar sem þær krefðust raunverulegrar stjórnarskárbreytingar. Þótti þetta atriði gera aðskilnað óþarflega torsóttan. Bæri því að stuðla að breytingu í þá veru að mögulegt væri að breyta ákvæðinu með lögum. Slík útfærsla auðveldaði aðskilnað mjög þegar tími þætti kominn til að hrinda honum í framkvæmd. Var þetta mikilvægt þar sem margir voru aðskilnaði fylgjandi af mannréttindaástaðum þótt þeir teldu hann ekki tímabæran að svo stöddu vegna efnahagslegra og menningarlegra aðstaðna þjóðarinnar og/eða sökum þess að málið væri ekki nægilega undirbúið. Hitt atriði sem hér um ræðir var það sjónarmið að þar sem hvorki væri kveðið á um „neikvætt“ trúfrelsi í stjórnarskrá né lögum væru þeir er stóðu utan allra trúfélaga skyldir til að greiða sóknargjöld til þjóðkirkjunnar. Þótti þetta ótvírætt mannréttindabrot. Á Alþingi 1909 hófst undirbúningur að breytingum í þessu efni sem náðu fram að ganga með stjórnarskárbreytingum 1915. Urðu þar með kaflaskil í aðskilnaðarumræðunni sem

þar fyrir var þó ekki til lykta leidd. Í báðum tilvikum voru þó jafnframt virkjaðir öryggislokar áður en yfir lauk. Þegar árið 1915 var komið í veg fyrir að mögulegt væri að hafa fjárhagslegan ávinning af því að notfæra sér hið nýfengna „neikvæða“ trúfrelsi. Var það gert með því að kveða á um að allir er stæðu utan allra trúfélaga skyldu greiða ígildi sóknargjalds til hins nýstofnaða Háskóla Íslands. Í stjórnarskrá konungsríkisins Íslands frá 1920 var svo komið á því fyrirkomulagi að staðfesta þurfti lög er kveða á um breytingu á þjóðkirkjuákvæði stjórnarskrárinnar með þjóðaratkvæðagreiðslu þótt ekki þyrfti að koma til þingrofs og nýrra þingkosninga eins og ef um eiginlega stjórnarskrárbreytingu væri að ræða.

Sú túlkun hefur verið sett fram að baráttan fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju á tímabilinu sem er til umræðu í þessari grein hafi verið liður í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og hafi upphaf heimastjórnar í landinu því valdið kaflaskiptum á borð við þau sem hér hafa verið tengd við stjórnarskrárbreytingarnar 1915. Af þeim sökum má draga í efa að þessi túlkun eigi við nægileg rök að styðjast, einkum vegna þess að með stöðulögunum 1871 og stjórnarskránni 1874 urðu kirkjumál landsins að innanríkismálum. Þau ættu því ekki að hafa þurft að blandast inn í sambandsmál Íslands og Danmerkur. Vissulega voru ákveðin táknað, kirkjuleg tengsl milli landanna sem helst komu fram í að biskup Íslands varð að sækja vígslu til Danmerkur. Á tímabilinu var þessu breytt með því að embætti vígslubiskupa voru tekin upp til að tryggja innlenda vígsluröð. Umræða um stofnun þeirra á Alþingi 1909 bar mjög keim af þjóðrækni og þjóðernislegum sjónarmiðum. Sú staðreynd að slík orðræða kemur tæpast fyrir í umræðunni um aðskilnað ríkis og kirkju þykir ýta undir það mat að ekki beri að skoða aðskilnaðarumræðuna sem hluta af sjálfstæðisbaráttunni heldur hafi miklu fremur verið um mannréttindamál að ræða en slík mál höfðu lengst af vikið fyrir þjóðfrelsinu meðan sjálfstæðisbaráttan stóð sem hæst.

Vissulega má finna örfá dæmi um orðalag í aðskilnaðarumræðunni sem mögulegt væri að túlka út frá þjóðernislegum sjónarmiðum sjálfstæðisbaráttunnar. Í upphafi aðskilnaðarumræðunnar hélt greinarhöfundur er kallaði sig „Ósvífr“ því fram í *Skuld*, blaði Jóns Ólafssonar, að aðskilnaður ríkis og kirkju væri brýnn þar sem trúfrelsi væri í raun ekki í landinu nema í orði kveðnu meðan ríkiskirkjan væri við lýði og *þjónar hennar væru settir í embætti af konungi og stjórn hans*. Hér er litið svo á að í þessu tilviki hafi lýðræðishugsjón ráðið mestu um orðalagið og að „Ósvífr“ hafi viljað flytja veitinguna frá innlendu embættisstjórninni til safnaðanna í hinni nýju þjóðkirkju.

Þá komst Þórhallur Bjarnarson svo að orði í *Kirkjublaði* sínu að sú ósk sín verði stöðugt innilegri að hin *evangelíska lútherska kirkja fósturjarðarinnar verði með öllu sjálfstætt félag út af fyrir sig*. Við svipaðan tón kvað hjá Hálfðani Guðjónssyni sem klauf sig frá meirihluta nefndar sem fjallaði um þingsályktunartillögu um undirbúning aðskilnaðar á Alþingi 1909. Þar kvað hann þá hugsjón vaka fyrir sér *að hér mætti komast á frjáls kirkja í frjálsu landi*. Í hvorugu tilvikinu virðist nauðsynlegt að líta svo á að aðskilnaðarhugsjónin sé borin uppi af þjóðernislegum hvötum þótt sú túlkun virðist geta komið til álita, einkum í síðarnefnda dæminu.

Eina dæmið um að þjóðernishyggja hafi legið til grundvallar í aðskilnaðarumræðunni á tímabilinu er að finna í blaðinu *Heimskringlu* í Vesturheimi en þar lét ritstjórinn sig dreyma um að þjóðkirkjan yrði alfrjáls ríkisstofnun sem axlað gæti

Það göfuga hlutverk að verða *íslensk kirkja og innan hennar fengju allir Íslendingar búið* án tillits til trúarskoðana og búsetu austan hafs eða vestan. Hún yrði þar með *hið mesta og besta sameiningarafl þjóðarinnar innan lands og utan.*

Þar sem dæmin eru svo fá og þjóðernislegu undirtónarnir virðast svo veikir í þeim öllum, að því síðastnefnda undanskildu, virðast ekki rök til að líta svo á að nokkur bein tengsl hafi verið milli aðskilnaðarumræðunnar og sjálfstæðisbaráttunnar heldur hafi aðskilnaðarmálið miklu fremur verið knúið áfram af mannréttindasjónarmiðum og þeirri hugsjón að auka þyrfti lýðræði í þjóðkirkjunni.